

BRÚ LÍFEYRISSJÓÐUR  
STARFSMANNA  
SVEITARFÉLAGA  
B-DEILD

---

TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN 2025

2025-04-15

**TBG** ehf.

Tryggingastærðfræðistofa Bjarna Guðmundssonar ehf.  
Grensásvegi 7 – 108 Reykjavík

Til stjórnar og framkvæmdastjóra  
Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

2026-04-21

Eftirfarandi tryggingafræðileg athugun á stöðu B-deildar Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga í lok árs 2025 er unnin að beiðni stjórnar sjóðsins í samræmi við ákvæði 50. greinar samþykktu sjóðsins. Athugunin er gerð í samræmi við ákvæði l. 129/1997, ákvæði reglugerðar 391/1998. Deildin tók til starfa á árinu 2013. Tryggingafræðileg athugun var síðast gerð á stöðu deildarinnar við lok árs 2024.

Í tryggingafræðilegri athugun felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við þær skuldbindingar til greiðslu lífeyris sem leiða af samþykktum sjóðsins. Lög um starfssemi lífeyrissjóða og samþykktir sjóðsins setja vikmörk fyrir þann mun sem heimill er milli eignaliða og mats skuldbindinga.

Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga starfrækir auk B-deildar fjórar samtryggingardeildir, A-, V-, R- og E-deild. Er hér eingöngu fjallað um skuldbindingar og eignir í samtryggingu í B-deild sjóðsins.

Mat á skuldbindingum byggir á upplýsingum um réttindi sjóðfélaga úr réttindabókhalda sjóðsins sem sjóðurinn lét í té. Við mat eignaliða er einnig stuðst við upplýsingar fengnar úr ársreikningi og fjárhagsbókhalda sjóðsins.

Helstu reikniforsendur sem notaðar eru við athugunina eru :

Raunávöxtun eigna sjóðsins verði 2% árlega umfram hækkun kauplags

Lífslíkur sjóðfélaga : samkvæmt reynslu í íslenskum lífeyrissjóðum árin 2014-2018

Lífslíkur rétthafa : samkvæmt íslenskrri reynslu 2014-2018

Auk þess er gert ráð fyrir að dánartíðni lækki ár frá ári í samræmi við reiknilíkan Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga

Örorkulíkur sjóðfélaga : Eftir reynslu í íslenskum lífeyrissjóðum 2018-2023. Er miðað við meðaltal örorkureynslu allra lífeyrissjóða. Mjög fáir sjóðfélagar greiða enn til B-deildar Brúar og fæst ekki marktækt mat á sértæka örorkureynslu sjóðsins og er því meðaltalst reynsla notuð. Áhrif örorkutíðni á mat skuldbindinga er óveruleg.

Giftingar- og barnalíkur séu eftir nýju reiknilíkani FÍT sem byggt er á íslenskrri reynslu árin 2019-2023.

Reikniforsendur eru óbreyttar frá síðustu tryggingafræðilegri athugun sjóðsins

Í B-deild Brúar eru sameinaðir sjö lífeyrissjóðir bæjarfélaga, Eftirlaunasjóður Hafnarfjarðarkaupstaðar (ESH), Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar (LSA), Lífeyrissjóður Neskaupsstaðar (LN), Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar (LSH), Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar (LSV), Eftirlaunasjóður starfsmanna Reykjanesbæjar sem sameinaðist B-deild í upphafi árs 2017 og Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar sem sameinaðist B-deild í upphafi árs 2018. Allir sjóðirnir nutu bakabyrgðar sveitarfélags og eftir sameiningu bera bæjarfélögin hvert um sig bakabyrgð á réttindum þeirra sjóðfélaga sem réttindi áttu í sjóðunum við sameiningu og þeim réttindum sem þeir eiga eftir að afla fram til töku lífeyris. Réttindaöflun í hverjum upprunasjóði B-deildar er haldið aðgreindri í tölvukerfum sjóðsins og eru réttindi B-deildar aðgreind eftir uppruna nefnd réttindasöfn í samþykktum

Samkvæmt samþykktum B-deildar sjóðsins ber launagreiðendum að greiða viðbótariðgjald sem er hluti af lífeyrisgreiðslum í viðkomandi réttindasafni B-deildar hafi þeir ekki gert upp þá skuldbindingu með sérstakri greiðslu.

Deildin er eins og aðrir lífeyrissjóðir sem njóta bakabyrgðar undanþegin þeim mörkum sem almennt eru áskilin í l. 129/1997 um hámarks vikmörk milli eigna og skuldbindinga.

Staða deildarinnar að teknu tilliti til viðbótariðgjalds er að eignir að metöldum iðgjöldum og viðbótariðgjöldum reiknast 65.790,7 milljónir og skuldbindingar vegna lífeyris og rekstrarkostnaðar 79.652,3 milljónir. Skuldbindingar reiknast því 13.861,6 milljónir umfram eignir sem er 17,4 % af skuldbindingum. Staðan versnar frá fyrra ári þegar þetta hlutfall reiknaðist 15,5%. Ástæðan er einkum miklar hækkanir launa og launavísitölu opinberra starfsmanna.

Nánari grein er gerð fyrir forsendum, reikniaðferðum og niðurstöðum hér á eftir. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum ber að skoða sem vænta niðurstöðu úr reiknilíkani þar sem byggt er á forsendum sem eru háðar óvissu. Mismunur milli niðurstöðu reiknilíkansins og raunveruleika geta komið fram bæði vegna tilviljanasveiflna, einkum þegar sá hópur sem reiknað er fyrir er lítill, og einnig vegna þeirrar miklu óvissu sem er um forsendur sem notaðar eru. Forsendur reiknilíkansins lúta að vöxtum, dánarlíkum og fleiri óvissuþáttum áratugi fram í tímann og því nánast óhjákvæmilegt að frávík komi fram frá þeim forsendum sem reiknað er eftir.

Virðingarfyllst,



---

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur

---

## BRÚ LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA SVEITARFÉLAGA B-DEILD

---

Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (Brú, Brú lífeyrissjóður) var stofnaður 28. júlí 1998 með samningi á milli BHM og BSRB fyrir hönd hlutaðeigandi stéttarfélaga annars vegar og hins vegar Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd fjölmargra sveitarfélaga. Brú fékk starfsleyfi í desember 1998.

Hinn 1. júlí 2013 sameinuðustu fimm lífeyrissjóðir sveitarfélaga í B-deild Brúar, Eftirlaunasjóður Hafnarfjarðarkaupstaðar (ESH), Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar (LSA), Lífeyrissjóður Neskaupsstaðar (LN), Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar (LSH) og Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar. (LSV) og Eftirlaunasjóður starfsmanna Reykjanesbæjar (ESRB) sem sameinaðist B-deild í upphafi árs 2017 og Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar (LK) sem sameinaðist B-deild í upphafi árs 2018.

---

## RÉTTINDAÁKVÆÐI

---

Réttindi sjóðfélaga til lífeyris og skylda þeirra til greiðslu iðgjalda til sjóðsins fara eftir ákvæðum samþykktu Brúar lífeyrissjóðs frá 22. september 2025.

Réttindaákvæði hvers af upprunasjóðum B-deildar eru tekin upp í viðauka samþykktu B-deildar og eiga við um réttindi sjóðfélaga sem réttinda höfðu aflað í hverjum sjóð og gilda áfram um þau réttindi sem sjóðfélagar eiga eftir að afla fram að töku lífeyris. Ákvæði um réttindaöflun sjóðfélaga og áunnin réttindi breyttust því ekki við sameininguna og sama á við um bakábyrgð hvers sveitarfélags og ábyrgð launagreiðenda.

Almennt eru réttindi miðuð við lokalaun sjóðfélaga í starfi eða eftirmanns á tilteknu ári og almennt lífeyristökualdur 65 ár. Makalífeyrir er ævilangur og réttur til örorkulífeyris almennt án framreiknings. Undantekning þar á er Réttindasafn Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar.

---

## GÖGN

---

Úr tölvukerfum sjóðsins fengust upplýsingar um iðgjaldagreiðslur, og öflun lífeyrisréttinda hvers sjóðfélaga aðgreint eftir réttindasöfnum. Upplýsingar eru aðgreindar eftir kennitölu launagreiðanda, með upplýsingum um réttindahlutfall sjóðfélagans á hverju ári, ásamt greiddu iðgjaldi. Upplýsingar eru aðgreindar eftir því hvort um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu ef við á.

Fyrir sjóðfélaga sem ekki voru byrjaðir að taka lífeyri lágu í flestum tilvikum fyrir upplýsingar um viðmiðunarlaun lífeyris, og viðmiðunarvísitölu þar sem það á við, en í flestum réttindasöfnum breytist lífeyrisréttur þeirra sem eiga geymdan rétt eftir vísitölu meðallauna opinberra starfsmanna sem Hagstofa Íslands reiknar og birtir.

Einnig fengust upplýsingar um hvern lífeyrisþega og greiðslur til þeirra í desember 2025. Lífeyrisgreiðslum er einnig skipt eftir stofnunum og tegund lífeyris, og greint á milli réttinda vegna dagvinnu og vaktavinnu.

Fyrir alla sjóðfélaga fengust upplýsingar um fæðingarár og mánuð og kyn.

Gagna þessara var aflað hjá Fuglum ehf hugbúnaðarhúsi sem hefur þróað og hefur umsjón með tölvukerfi réttindaskráningar sjóðsins sem tekið var í notkun á árinu 2017 og leysti af hólmi fyrra réttindakerfi frá Inít hugbúnaðarhúsi.

Með því að fella úr skrá um áunnin réttindi látna og þá sjóðfélaga sem farnir eru að taka lífeyri fást áunnin réttindi annarra en lífeyrisþega.

Þau nýmæli voru varðandi gögn fyrir athugun þessa árs að upplýsingar fengust um þá sjóðfélaga sem fengið hafa ellilífeyrisréttindi sín greidd út með eingreiðslu. Var því unnt að fella niður eftirlaunaskuldbindingu þeirra.

Fram til þessa hefur sú skuldbinding ekki fallið út fyrir en við fráfall sjóðfélagans.

Við áætlun um framtíðariðgjöld vegna iðgjaldatímabíla 2025 og síðar sem núverandi sjóðfélagar eiga eftir að greiða til sjóðsins er miðað við að allir þeir sem öðluðust réttindi á árinu 2025 muni halda áfram að ávinna sér sömu réttindi til framtíðar. Er þessi hópur sjóðfélaga kallaðir virkir sjóðfélagar en aðrir þeir sem eiga réttindi í sjóðnum og ekki eru lífeyrisþegar kallaðir óvirkir sjóðfélagar.

Einnig er stuðst við drög að ársreikningi deildarinnar fyrir árið 2025, dagsett 1. apríl.

Varðandi rekstrarkostnað er miðað við rekstrarkostnað deildarinnar undanfarin þrjú ár eftir upplýsingum úr ársreikningi. Úr ársreikningi sjóðsins fengust auk þess upplýsingar um eignastöðu sjóðsins og úr verðbréfakerfi eru fengnar upplýsingar um greiðslukjör skuldabréfa og gengi eigna með breytilegar tekjur á markaðsverði.

Iðgjaldagreiðslur í réttindakerfi vegna ársins 2025 hafa verið bornar saman við iðgjaldagreiðslur samkvæmt ársreikningi og lífeyrisgreiðslur desember 2025 bornar saman við lífeyrisgreiðslu ársins samkvæmt ársreikningi. Þá hafa upplýsingar um réttindi sjóðfélaga verið borin saman við samsvarandi upplýsingar frá athugun fyrra árs.

Hafa þessar athuganir ekki bent til annars en að byggja megi mat skuldbindinga sjóðsins á þeim gögnum sem fyrir liggja úr réttindakerfi, en gögn hafa ekki verið sannreynd með samanburði við frumgögn eða öðrum hætti en þeim sem hér er lýst.

---

## REIKNIFORSENDUR OG -AÐFERÐIR

---

Reikniforsendur fyrir tryggingafræðilegar athuganir íslenskra lífeyrissjóða eru tilgreindar í lögum 129/1997 og reglugerð 391/1998 sem fjármálaráðherra setur með heimild í fyrrgreindum lögum. Tryggingafræðingi er heimilt að víkja frá þessum staðalforsendum ef talið er að sérstakar aðstæður í viðkomandi sjóð verði þess valdandi að aðrar forsendur eigi betur við. Engu að síður skal reiknað eftir staðalforsendum og sú niðurstaða birt til samanburðar.

Á árinu 2018 samþykkti Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga nýjan reiknigrundvöll fyrir mat eftirlauna- og örorkuskuldbindinga fyrir íslenska lífeyrissjóði. Grundvöllurinn er byggður á athugun sem náði til allra íslenskra lífeyrissjóða, varðandi örorku er miðað við tímabilið 2011-2016 og um lífslíkur við tímabilið 2010-2014.

Ýmis nýmæli er að finna í athuguninni, um mat á lífslíkum er byggt eingöngu á reynslu sjóðfélaga lífeyrissjóða en ekki þjóðarinnar allrar, lagt er mat á endurhæfingarlíkur með beinum hætti og loks er gert ráð fyrir mismunandi lífslíkum öryrkja og annarra.

Athuganir á niðurstöðum hins nýja reiknigrundvallar Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga fyrir einstaka lífeyrissjóði sýndu að almennt nægir að aðlaga nýgengi örorku fyrir hvern sjóð, en lífslíkur og endurhæfingartíðni sé almennt ekki ólík milli sjóða þegar tekið hefur verið tillit til áhrifa örorku.

Reiknigrundvöllurinn var uppfærður á árinu 2019 hvað varðar lífslíkur, með tilliti til breytinga sem orðið hafa á lífslíkum hjá þjóðinni allri frá árabílinu 2010-2014 til 2014-2018. Í desember 2021 auglýsti fjármálaráðuneyti að lífslíkur skyldi reikna út frá fyrrnefndum grunni áráanna 2014-2018 að viðbættari spá félagsins frá 2020 um lækun á aldursbundinni dánartíðni reiknigrunnins. Voru lífslíkur metnar með þeim hætti við tryggingafræðilega athugun B-deildar Brúar lífeyrissjóðs við lok árs 2021 og eru sömu forsendur notaðar enn varðandi lífslíkur.

Giftingarlíkur og meðalaldur maka eru samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá og sama gildir um fjölda barna og er hér stuðst við nýja athugun á grundvelli áráanna 2019-2023, sem sett er fram í reiknilíkani Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. Varðandi örorku er notað meðaltal af reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 2018-2023. Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga vann seint á árinu 2024 nýjar forsendur varðandi örorku, sem fjármálaráðuneyti hefur auglýst sem hluta staðalforsendna við tryggingafræðilegar athuganir og á það einnig við um hinar nýju giftingar og barnalíkur.

Fyrir lokaða lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga í B-deild voru örorkilíkur ekki nægilega mörg til að fá mætti tölfræðilega marktæka niðurstöðu og er því miðað við meðaltal athugunarinnar um nýgengi örorku sjóðfélaga deildarinnar.

Lífeyrisréttindi í deildinni eru almennt tryggð miðað við vísitölu meðallauna opinberra starfsmanna eða við laun eftirmanns og er gert ráð fyrir að vextir verði 2,0% umfram hækkun lífeyrisréttinda.

Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður sem kostnaður deildarinnar rekstrarárin 2023 til 2025, uppfært til verðlags í lok árs 2025 (gildi vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2026).

Áður var stuðst við leiðbeinandi reglur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga og ætlað fyrir þannig reiknuðum kostnaði í 50 ár núvirt með sömu vöxtum og lífeyrisskuldbindingar. Þar sem réttindasöfn B-deildar hafa verið lokað fyrir nýjum sjóðfélögum frá árinu 1998 og líftími deildarinnar verður eðli málsins samkvæmt styttri en líftími sjóðs sem er opin nýjum sjóðfélögum er í athugun þessa árs reiknað með fráviksaðferð varðandi mat á kostnaði til framtíðar. Er nú miðað við að rekstrarkostnaður verði sama hlutfall skuldbindinga sjóðsins á hverjum tíma og uppreiknaður kostnaður sem ætlað er fyrir 2026 verður af skuldbindingum í lok árs 2025.

Ofangreindar forsendur og aðferðir við mat skuldbindinga eru í samræmi við ákvæði reglugerðar 391/1998 um reikniforsendur við tryggingafræðilegar athuganir og þær reikniforsendur sem Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga var með sömu reglugerð falið að gefa út til nota við tryggingafræðilegar athuganir.

Skuldbindingar eru metnar á tvo vegu. Annars vegar eru metnar áfallnar skuldbindingar, þ.e. þær skuldbindingar sem sjóðurinn hefur þegar tekið á sig vegna áunninna réttinda sjóðfélaga, og hins vegar framtíðarskuldbindingar sjóðsins, sem eru þær skuldbindingar sem falla munu á sjóðinn við það vegna þeirra iðgjalda sem ætlað er að berist sjóðnum frá þeim sjóðfélögum sem taldir eru virkir sbr. umfjöllun í kaflanum um gögn hér að framan. Samtala áfallinna- og framtíðarskuldbindinga nefnist heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins. Við mat skuldbindinga er fyrir lífeyrisþega miðað við úrskurðaðan lífeyri í desember 2025, færðan til kauplags í janúar 2026.

Fyrir aðra sjóðfélaga en lífeyrisþega er reiknað hverjar verða muni lífeyrisgreiðslur til þeirra samkvæmt ákvæðum samþykktar sjóðsins miðað við réttindi í janúar 2026 og greidd iðgjöld 2025.

Þegar verðmæti framtíðariðgjalda og skuldbindingar vegna þeirra eru reiknuð er miðað við óbreyttar iðgjaldagreiðslur núverandi sjóðfélaga til starfsloka frá því sem var á árinu 2025 miðað við laun í janúar 2026.

Lífeyrisaldur er settur í samræmi við ákvæði samþykktar um almennan ellilífeyrisaldur fyrir sjóðfélaga sem hafa látið af störfum. Fyrir sjóðfélaga í starfi er í hverju réttindasafni miðað við sama aldur og miðað var við í síðustu tryggingafræðilegri athugun fyrir þann lífeyrissjóð sem myndaði viðkomandi réttindasafn.

Eignir sjóðsins sem bera fastar tekjur eru að hluta núvirtar miðað við 3,5% umfram hækkun vísitölu neysliverðs til verðtryggingar. Óverðtryggðar eignir eru núvirtar miðað við 3,5% ávöxtun umfram verðbólguþátt Seðlabanka Íslands, sem er nú 2,5%.

Þau frávik sem með þessu koma fram frá bókfærðu verði eignanna í ársreikningi eru skráð sem endurmat eigna..

---

## SKIPTING EIGNA B-DEILDAR

---

Þótt deildin sé rekin sem ein heild með óskiptu eignasafni er bakábyrgð sveitarfélaga og launagreiðanda vegna lífeyrisskuldbindinga óbreytt frá fyrra rekstrarformi þeirra sjóða sem sameinast hafa í deildinni. Því er nauðsynlegt að skipta eignum deildarinnar niður á réttindasöfn upprunasjóðanna. Er mælt fyrir um þá skiptingu í 36. gr. samþykktar Brúar og í viðauka 10 við samþykktir. Gert er ráð fyrir að haldið sé utan um sérstaklega iðgjaldagreiðslur, lífeyrisgreiðslur og viðbótariðgjöld lífeyris til hvers réttindasafns. Eignir deildarinnar í lok árs 2025 skiptast milli réttindasafna sem hér segir eftir ákvæðum 36. gr. fjárhæðir í milljónum :

Réttindasafn	Nr	Endurm	
		eign	hluti
Eftirlaunasj. starfsm Hafnarfjarðarkaupstaðar	L050	2.152,2	13,6%
Eftirlaunasjódur starfsm. Reykjanesbæjar	L060	4.000,7	25,3%
Lífeyrissjódur Akraneskaupstaðar	L140	2.370,5	15,0%
Lífeyrissjódur starfsmanna Kópavogsbæjar	L400	5.628,7	35,6%
Lífeyrissjódur Neskaupstaðar	L510	395,6	2,5%
Lífeyrissjódur starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar	L600	536,0	3,4%
Lífeyrissjódur starfsmanna Vestmannaeyjabæjar	L700	712,5	4,5%
<b>Samtals</b>		<b>15.796,2</b>	<b>100,0%</b>

## NIÐURSTÖÐUR

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu lífeyrisskuldbindinga B-deildar eftir tegundum lífeyris, og hvort um er að ræða áunnin réttindi eða áætlaða réttindaöflun vegna framtíðariðgjalda.

Upphæðir í milljónum			
Eignir	Áunnið	Framtíð	Heildar
Bókfærð eign	15.980,2		15.980,2
Endurmat, skuldabréf	-184,0		-184,0
Viðbótariðgjald		49.757,4	49.757,4
Núvirði iðgjalda		237,0	237,0
<b>Samtals eignir</b>	<b>15.796,2</b>	<b>49.994,4</b>	<b>65.790,7</b>
<b>Skuldbindingar</b>			
Ellilífeyrir	66.045,0	519,1	66.564,1
Örorkulífeyrir	470,7	1,5	472,3
Makalífeyrir	10.757,1	134,0	10.891,1
Barnalífeyrir	0,8	0,2	0,9
Rekstrarkostnaður	1.704,3	19,6	1.723,9
<b>Samtals skuldbindingar</b>	<b>78.977,9</b>	<b>674,4</b>	<b>79.652,3</b>
<b>Eignir umfram skuldbindingar</b>	<b>-63.181,7</b>	<b>49.320,1</b>	<b>-13.861,6</b>
<b>Hlutfall</b>	<b>-80,0%</b>	<b>7313,5%</b>	<b>-17,4%</b>

Heildarstaða versnar milli ára, fer úr -15,5% í -17,4%. Helsta ástæða þess var mjög mikil hækkun launvísitölu opinberra starfsmanna, eða um 11,7% frá viðmiðun jan.2025 til jan 2026. (vísitalan er notuð með tveggja mánaða hliðrun)

---

## FYLGISKJÖL

---

1. B-deild Brúar, óvirkir sjóðfélagar
2. B-deild Brúar, virkir sjóðfélagar
3. B-deild Brúar, lífeyrisþegar
- 4 Tryggingafræðileg staða 2025
- 5 Tryggingafræðileg staða, með viðbótariðgjaldi
6. Tryggingafræðileg athugun B-deildar Brúar, staðalforsendur 2025 (rekstrarkostnaður metinn með staðalaðferð, að öðru leyti eins og fsk.5)
7. Breyting áfallinna skuldbindinga 2025
8. Skipting eigna og viðbótariðgjalda milli réttindasafna
9. Tryggingafræðileg staða, samantekt

Einnig liggja fyrir sundurliðuð fylgiskjöl einstakra réttindasafna

---

## RÉTTINDASAFN EFTIRLAUNASJÓÐS STARFSMANNA HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐAR

### TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN 2025

---

Eftirlaunastjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar (ESH) sameinaðist 1.júlí 2013 fjórum öðrum lífeyrissjóðum með ábyrgð sveitarfélaga, Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar, Lífeyrissjóði Neskaupstaðar, Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar og Lífeyrissjóði starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar. Síðar hafa Eftirlaunastjóður Reykjanesbæjar og Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar sameinast sjóðnum.

Réttindi sjóðfélaga ESH eru varðveitt aðgreind í sérstöku réttindasafni B-deildar Brúar lífeyrissjóðs.

---

### RÉTTINDAÁKVÆÐI

---

Fyrir sjóðfélaga sem eiga aðild að réttindasafninu eru ákvæði um rétt til lífeyris og skyldu til greiðslu iðgjalda til sjóðsins efnislega samhljóða ákvæðum samþykktu sem staðfestar voru af fjármálaráðuneyti 24.5.2012 fyrir Eftirlaunastjóð starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar. Sjóðnum var lokað fyrir inngöngu nýrra sjóðfélaga frá og með 1. janúar 1998 og á það við um aðild að réttindasafninu.

Sjóðfélagar sem greiddu iðgjald til ESH í lok árs 1997 eða áunnu sér þá réttindi án iðgjaldagreiðslu eiga rétt til aðildar að B-deild Brúar lífeyrissjóðs meðan þeir gegna áfram störfum hjá bænum. Sama á við um aðra hópa sem aðild áttu að sjóðnum í lok 1997, svo sem kennara og skólustjórnendur, aðra starfsmenn grunnskóla og starfsmenn launagreiðenda sem fyrir árslok 1997 höfðu heimild til að greiða til sjóðsins fyrir starfsmenn sína. Einnig eru varðveitt í deildinni öll eldri réttindi.

Iðgjöld til sjóðsins eru 12% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, og greiðir sjóðfélagi 4% og vinnuveitandi 8%. Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, en launagreiðandi greiðir eftir það hluta sjóðfélaga.

Lífeyrisréttindi eru ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður fyrir orkutapi sem trúnaðarlæknir sjóðsins metur 10% eða meira, ævilangur makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát, og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku elli- eða örorkulífeyris.

Lífeyrisréttur reiknast sem hundraðshluti af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót sem við starfslok fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf sem sjóðfélagi gegndi síðast. Hefji sjóðfélagi ekki töku lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum og eigi hann réttindi fyrir lengra starf en 36 mánuði skal þó miða við laun sem fylgdu starfi hans í lok 1997 og eftir þann tíma fylgja meðalbreytingum á föstum launum opinberra starfsmanna, sbr. hér að neðan.

Almenn regla er að eftir að taka lífeyris hefst skuli lífeyrir breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sem

Hagstofa Íslands reiknar mánaðarlega. Er þó þeim sjóðfélögum sem voru á lífeyri hinn 01.01.1998 og þeim sem síðar hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi heimilað að velja að lífeyrisgreiðslur taki sömu breytingum og laun þau sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast. (eftirmannsregla)

Fyrir hvert ár í fullu starfi ávinnast fyrstu 32 starfsár elli- og örorkulífeyrisréttur sem er 2% af viðmiðunarlaunum samkvæmt ofansögðu. Síðan ávinnst 1% á ári þar til að rétti til töku ellilífeyris er náð. Makalífeyrisréttur er 50% af ellilífeyrisrétti, að viðbættum 20% af viðmiðunarlaunum ellilífeyris hafi sjóðfélagi ekki látið af starfi í lífanda lífi af öðrum orsökum en elli eða örorku.

Sé sjóðfélagi orðinn 60 ára getur hann látið af störfum ef samanlagður aldur hans og starfsaldur eru 95 ár án skerðingar réttinda. Sjóðfélagi skal þó greiða iðgjöld til þess að 95 ára markinu er náð en réttindi skulu þó að hámarki vera 64% við 95 ára markið.

Sérstök ákvæði gilda að auki um lífeyrisréttindi fyrir vaktavinnu, og greiða sjóðfélagar 4% iðgjald af launum fyrir vaktavinnu og launagreiðandi 8%. Reiknað er hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslum miðað við sérstök viðmiðunarlaun sem sjóðstjórn skal samkvæmt samþykktum ákveða, og ávinnst fyrir hverja 12 mánaða iðgjaldagreiðslu réttur til 2% elli- og örorkulífeyris og 1% makalífeyris af viðmiðunarlaunum. Hjá ESH var þetta útfært þannig að réttindaöflun er miðuð við laun sem hver sjóðfélagi greiðir af og réttindi þessi fylgja sömu viðmiðun og réttindi fyrir dagvinnu og er gert ráð fyrir að svo verði áfram eftir sameiningu.

Hafnarfjarðarþær ábyrgist greiðslu á lífeyri úr réttindasafninu, en auk iðgjaldagreiðslna skulu laungreiðendur greiða viðbótariðgjald sem er tiltekið hlutfall lífeyris og var þetta hlutfall ákveðið 73% fyrir árið 2025.

Ofangreint ágríp af ákvæðum samþykktu er ekki tæmandi og er um fyllri upplýsingar vísað til viðauka 1, 1. gr. um aðild að sjóðnum, 2. - 10. greinar varðandi skilyrði fyrir rétti til töku lífeyris, réttindaákvæði og réttindaöflun, til 1. greinar um iðgjaldagreiðslur og loks 35. – 37. greinar samþykktu Brúar lífeyrissjóðs um ábyrgð á réttindasafninu og viðbótariðgjöld.

---

## GÖGN

---

Um almenna aðferðafræði er vísað til yfirlits í skýrslu um athugun B-deildar.

Viðmiðun lífeyrisréttinda í réttindasafni ESH er almennt við föst laun fyrir fullt starf sem sjóðfélagi gegndi síðast. Fyrir þá sem voru í starfi 2025 var aflað upplýsinga um laun í janúar 2026 og réttindahlutfall til framtíðar miðað við réttindahlutfalls sem sjóðfélaginn ávann sér 2025.

Fyrir þá sem hættir eru störfum ber að miða við síðustu laun, eða ef sjóðfélagi á að baki meira en 36 mánaða starf, síðustu laun og síðan hækkun með meðalbreytingu launa opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu til þess dags er sjóðfélagi hefur töku lífeyris. Hafi sjóðfélagi sem á að baki 36 mánaða starf eða meira látið af störfum fyrir árslok 1997 ber að miða við laun eftirmanns í lok árs 1997, og síðan hækkun með fyrrgreindri launavísitölu.

Á árinu 2001 var aflað nýrra upplýsinga um viðmiðunarlaun í lok árs 1997 fyrir þá sjóðfélaga sem hætt höfðu störfum fyrir þann tíma. (eftir þann tíma breytist viðmiðun eins og vísitala meðallauna opinberra starfsmanna). Árin 2012 og 2020 var svo safnað nýjum upplýsingum hjá sjóðnum og Hafnarfjarðarbæ um viðmiðunarlaun sjóðfélaga sem látið hafa af störfum. Eiga nú að liggja fyrir upplýsingar um viðmiðunarlaun stórs hluta þeirra sjóðfélaga sem eiga launatengdan rétt í réttindasafninu og hafa látið af störfum.

---

## REIKNIFORSENDUR

---

Notaðar eru sömu forsendur um lífs- og örorkulíkur fyrir öll réttindasöfn B-deildar við tryggingafræðilega athugun ársins 2025. Sama gildir um giftingarlíkur og meðalaldur maka og fjölda barna og er vísað til almennrar umfjöllunar hér að framan. Reikniforsendur eru óbreyttar frá síðustu athugun réttindasafns Eftirlaunastjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Kostnaði við rekstur B-deildar er skipt milli réttindasafna í hlutfalli við áfallnar skuldbindingar. Um aðferð við mat rekstrarkostnaðar til framtíðar er um nánari umfjöllun vísað til umfjöllunar um reikniforsendur fyrir athugun B-deildar. Mat á rekstrarkostnaði réttindasafnsins er svo skipt milli áfallinna réttinda og framtíðar í hlutfalli við mat á lífeyrisskuldbindingum og verðmæti iðgjalda.

Ofangreindar forsendur og aðferðir við mat skuldbindinga eru ákveðnar í samræmi við og með heimild í ákvæðum reglugerðar 391/1998 um reikniforsendur við tryggingafræðilegar athuganir. Fjármálaráðuneyti gefur út staðlaðar forsendur til nota við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða, að fengnum tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. Heimilt er að víkja frá staðalforsendum ef talið er að aðrar forsendur gefi betri mynd af skuldbindingum sjóðsins og er vikið frá forsendum um lífs- og örorkulíkur sjóðfélaga og sömuleiðis við útreikning á mati rekstrarkostnaðar til framtíðar.

Varðandi mat skuldbindinga vegna réttinda sem fylgja launum skal samkvæmt reglugerð 391/1998 almennt miðað við 2% vaxtaforsendu. Þó er í reglugerðinni undanþáguákvæði sem heimilar að miða við 3% vexti : "Þegar um er að ræða lífeyrissjóð sem fellur undir 54. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lífeyrisréttindi miðast við kaupgjald skal þó heimilt að nota 3% vaxtaviðmiðun enda hafi sjóðfélögum verið gefinn kostur á aðild að nýju réttindakerfi fyrir 1. júlí 1998." Virðist þetta ákvæði geta átt við um réttindasöfn B-deildar en hér eru þó skuldbindingar aðeins reiknaðar miðað við 2% ávöxtun umfram hækkun launa enda munu aðildarstofnanir hafa fært skuldbindingar með þeim hætti undanfarin ár.

---

## AÐFERÐIR VIÐ MAT SKULDBINDINGA OG EIGNA

---

Um aðferðir almennt við mat skuldbindinga og endurmat eigna er vísað til umfjöllunar um B-deild sjóðsins. Varðandi makalífeyrisrétt til 20% af viðmiðunarlaunum sjóðfélaga til viðbótar við áunninn rétt, þá er hann fyrir réttindasafn ESH ekki talinn með áföllnum skuldbindingum nema hjá lífeyrisþegum þar sem að um slíkan rétt er að ræða.

Lífeyrisaldur er reiknaður sem 68 ár fyrir virka sjóðfélaga, 65 ár fyrir þá sem eiga geymd réttindi. Ekki er talið raunhæft að gera ráð fyrir að sjóðfélagar sem eiga geymdan

lífeyrirrétt fresti töku lífeyrir til 68 ára aldurs enda hækkar lífeyrirréttur ekki við það. Skuldbinding vegna 95-ára reglu hefur ekki verið metin sérstaklega, en heimild til hennar hefur áhrif á meðalaldur sjóðfélaga er taka lífeyrir hefst. Meðferð á skuldbindingu vegna makalífeyris og forsendur um eftirlaunaaldur eru óbreyttar frá síðustu tryggingafræðilegri athugun Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar.

## NIÐURSTÖÐUR

Miðað við fyrrgreindar aðferðir og forsendur eru niðurstöður um stöðu réttindasafnsins sem hér segir ef notuð er 2% vaxtaforsenda (upphæðir í milljónum) Staða réttindasafnsins er að þessu sinni sýnd að teknu tilliti til ákvæða 37. gr. samþykktu Brúar lífeyrissjóðs um viðbótariðgjöld.

Eftir að taka lífeyrir hefst ber aðildarstofnunum að greiða viðbótariðgjald sem er tiltekið hlutfall af öllum lífeyrri, áður nefnt aðeins endurgreiðsluhlutfall. Er það breyting frá því sem var fyrir árið 2012 en þá greiddu aðildarstofnanir allar hækkanir sem urðu á lífeyrri frá úrskurði. Endurgreiðslur á hækkunum voru fyrir 2012 á milli 40 og 50% af lífeyrisgreiðslum, en hlutfall viðbótariðgjalds af lífeyrri árið 2025 var ákveðið 73%. Reynir ekki á bakábyrgð Hafnarfjarðarbæjar nema að iðgjöld og viðbótariðgjöld ásamt eignum sjóðsins nægi ekki til að standa við skuldbindingar sjóðsins.

Tveir launagreiðendur hafa undanfarin ár greitt hækkað iðgjald í stað skyldu til greiðslu viðbótariðgjalds, en sjóðnum er heimilt að gera upp áfallnar skuldbindingar launagreiðenda til greiðslu viðbótariðgjald sbr. greinar 35-37 í samþykktum.

<b>Tafla I Tryggingafræðileg staða B-deildar Brúar lífeyrissjóðs 2025</b>			
Réttindasafn Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar			
<b>Eignir</b>	<b>Áunnið</b>	<b>Framtíð</b>	<b>Heildar</b>
Bókfærð eign	2.177,2		2.177,2
Endurmat, skuldabréf	-25,0		-25,0
Endurgreiðsla		15.994,4	15.994,4
Núvirði iðgjalda		96,7	96,7
<b>Samtals eignir</b>	<b>2.152,2</b>	<b>16.091,1</b>	<b>18.243,3</b>
<b>Skuldbindingar</b>			
Ellilífeyrir	19.645,9	203,2	19.849,1
Örorkulífeyrir	183,0	0,4	183,3
Makalífeyrir	2.916,2	100,8	3.017,0
Barnalífeyrir	0,0	0,1	0,1
Rekstrarkostnaður	498,6	8,8	507,4
<b>Samtals skuldbindingar</b>	<b>23.243,6</b>	<b>313,3</b>	<b>23.556,9</b>
<b>Eignir umfram skuldbindingar</b>	<b>-21.091,4</b>	<b>15.777,8</b>	<b>-5.313,6</b>
<b>Hlutfall</b>	<b>-90,7%</b>	<b>5036,0%</b>	<b>-22,6%</b>

---

## RÉTTINDASAFN LÍFEYRISSJÓÐS AKRANESKAUPSTAÐAR TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN 2025

---

Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar (LA) sameinaðist 1.júlí 2013 fjórum öðrum lífeyrissjóðum með ábyrgð sveitarfélaga, Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, Lífeyrissjóði Neskaupstaðar, Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar og Lífeyrissjóði starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar. Síðar hafa Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar og Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar sameinast sjóðnum.

Réttindi sjóðfélaga LA eru varðveitt aðgreind í sérstöku réttindasafni B-deildar Brúar lífeyrissjóðs.

---

### RÉTTINDAÁKVÆÐI

---

Fyrir sjóðfélaga sem eiga aðild að réttindasafninu eru ákvæði um rétt til lífeyris og skyldu til greiðslu iðgjalda til sjóðsins efnislega samhljóða ákvæðum síðustu samþykktu sem staðfestar voru af 19.4.2011 fjármálaráðuneyti fyrir Lífeyrissjóð Akraneskaupstaðar. Sjóðnum var lokað fyrir inngöngu nýrra sjóðfélaga frá og með 1. Júlí 1998 og á það einnig við um aðild að réttindasafninu.

Rétt til greiðslu iðgjalda eftir 1.júlí 1998 hafa sjóðfélagar LA sem eru starfsmenn Akraneskaupstaðar, stofnana hans og sjálfseignastofnana sem hafa lögheimili í kaupstaðnum og starfa í almennings þarfir, eru ráðnir til minnst eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé aðalstarf þeirra í þjónustu kaupstaðarins eða stofnana hans og þeir taki laun skv. kjarasamningi St.AK og Akraneskaupstaðar.

Sama rétt hafa starfsmenn Akranesveitu sem við sameiningu hennar við Orkuveitu Reykjavíkur greiddu til sjóðsins. Þeir skulu ráðnir til minnst eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, og sé aðalstarf þeirra í þjónustu Orkuveitunnar.

Ákvæði um heimild til aðildar gilda einnig um hlutastörf, þó ekki minna en 1/3 úr fullu starfi og gegni starfsmaður ekki öðru aðalstarfi í þágu bæjarins.

Iðgjöld eru 12% af föstum launum og vaktavinnu og greiðir sjóðfélagi 4% og vinnuveitandi 8%. Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, en launagreiðandi skal þá greiða 12% iðgjald af þeim launum sem áður eru talin. Ekki munu greidd iðgjöld af persónuuppbót.

Lífeyrisréttindi eru ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður fyrir orkutapi sem trúnaðarlæknir sjóðsins metur 10% eða meira, ævilangur makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát, og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku elli- eða örorkulífeyris.

Lífeyrisréttur reiknast sem hundraðshluti af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót sem við starfslok fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf sem sjóðfélagi gegndi síðast. Hefji sjóðfélagi ekki töku lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum og eigi hann réttindi fyrir lengra starf en 36 mánuði skal þó miða við laun sem fylgdu

starfi hans í september 2003 og eftir þann tíma fylgja meðalbreytingum á föstum launum opinberra starfsmanna, sbr. hér að neðan.

Almenn regla er að eftir að taka lífeyris hefst skuli lífeyrir breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sem Hagstofa Íslands reiknar mánaðarlega. Er þó þeim sjóðfélögum sem voru á lífeyri hinn 01.07.1998 og þeim sem síðar hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi heimilað að velja að lífeyrisgreiðslur taki sömu breytingum og laun þau sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast. (eftirmannsregla)

Fyrir hvert ár í fullu starfi ávinnast fyrstu 32 starfsár elli- og örorkulífeyrisréttur sem er 2% af viðmiðunarlaunum samkvæmt ofansögðu. Síðan ávinnst 1% á ári þar til að rétti til töku ellilífeyris er náð. Makalífeyrisréttur er 50% af ellilífeyrisrétti, að viðbættum 20% af viðmiðunarlaunum ellilífeyris hafi sjóðfélagi ekki látið af starfi í lifanda lífi af öðrum orsökum en elli eða örorku.

Sé sjóðfélagi orðinn 60 ára getur hann látið af störfum ef samanlagður aldur hans og starfsaldur eru 95 ár án skerðingar réttinda. Sjóðfélagi skal þó greiða iðgjöld til þess að 95 ára markinu er náð en réttindi skulu þó að hámarki vera 64% við 95 ára markið.

Sérstök ákvæði gilda að auki um lífeyrisréttindi fyrir vaktavinnu, og greiða sjóðfélagar 4% iðgjald af launum fyrir vaktavinnu og launagreiðandi 8%. Reiknað er hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslum miðað við sérstök viðmiðunarlaun sem sjóðstjórn skal samkvæmt samþykktum ákveða, og ávinnst fyrir hverja 12 mánaða iðgjaldagreiðslu réttur til 2% elli- og örorkulífeyris og 1% makalífeyris af viðmiðunarlauninum. Hjá LA hefur þetta verið útfært þannig að réttindaöflun er miðuð við laun sem hver sjóðfélagi greiðir af og réttindi þessi fylgja sömu viðmiðun og réttindi fyrir dagvinnu og er gert ráð fyrir að svo verði áfram eftir sameiningu.

Akranesbær ábyrgist skuldbindingar réttindasafnsins. Auk iðgjaldagreiðslna skulu laungreiðendur greiða tiltekið hlutfall lífeyris sem viðbótariðgjald og var hlutfall fyrir 2025 ákveðið 67%.

Ofangreint ágríp af ákvæðum samþykktu er ekki tæmandi og er um fyllri upplýsingar vísað til viðauka 2, 1. gr. um aðild að sjóðnum, 2. - 10. greinar varðandi skilyrði fyrir rétti til töku lífeyris, réttindaákvæði og réttindaöflun, til 1. greinar um iðgjaldagreiðslur og loks 35. – 37. greinar samþykktu Brúar lífeyrissjóðs um ábyrgð á réttindasafninu og viðbótariðgjald.

---

## GÖGN

---

Tölvukerfi Brúar lífeyrissjóðs geymir fyrir hvern sjóðféлага upplýsingar um réttindaöflun hvers árs, aðgreint eftir því hvort um er að ræða réttindi vegna dagvinnu eða vakta. Einnig er tilgreind kennitala launagreiðanda. Upplýsingar um lífeyrisþega eiga uppruna í sama kerfi og önnur réttindi og hægt er bera saman auðkenni lífeyrisþegans við áunnin réttindi, og fyrir makalífeyrisþega er upplýst um kennitölu sjóðfélagens sem réttur hefur stofnast eftir.

Viðmiðun lífeyrisréttinda í réttindasafni LA er almennt við föst laun fyrir fullt starf sem sjóðfélagi gegndi síðast, eða viðmiðun við laun í lok árs 2003 fyrir þá sem látið höfðu af starfi fyrir þann tíma. Fyrir þá sem voru í starfi 2025 var aflað upplýsinga hjá

launagreiðendum um viðmiðunarlaun í janúar 2026. Réttindaöflun til framtíðar var reiknuð miðað við þau laun og réttindahlutfall sem sjóðfélaginn ávann sér 2025.

Fyrir þá sem hættir eru störfum ber að miða við síðustu laun, eða ef sjóðfélagi á að baki meira en 36 mánaða starf við síðustu laun og síðan hækkun með meðalbreytingu launa opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu til þess dags er sjóðfélagi hefur töku lífeyris. Hafi sjóðfélagi sem á að baki 36 mánaða starf eða meira látið af störfum fyrir árslok 2003 ber að miða við laun eftirmanns í lok árs 2003, og síðan hækkun með fyrrgreindri launavísitölu. Eftir að taka lífeyris hefst breytist lífeyrir almennt með fyrrgreindri vísitölu meðallauna opinberra starfsmanna með tveggja mánaða hliðrun.

Réttindakerfi sjóðsins á að geyma fyrir hvern þann sjóðfélaga sem látið hefur af störfum viðmiðunarlaun og upplýsingar um hvort réttindi viðkomandi séu launtengd fram til töku lífeyris og þá hver viðmiðunarvístala sé.

---

## REIKNIFORSENDUR

---

Notaðar eru sömu forsendur um lífs- og örorkulíkur fyrir öll réttindasöfn B-deildar við tryggingafræðilega athugun ársins 2025. Sama gildir um giftingarlíkur og meðalaldur maka og fjölda barna og er vísað til almennrar umfjöllunar hér að framan.

Kostnaði við rekstur B-deildar er skipt milli réttindasafna í hlutfalli við áfallnar skuldbindingar. Um aðferð við mat rekstrarkostnaðar til framtíðar er um nánari umfjöllun vísað til umfjöllunar um reikniforensdur fyrir athugun B-deildar. Mat á rekstrarkostnaði réttindasafnsins er svo skipt milli áfallinna réttinda og framtíðar í hlutfalli við mat á lífeyrisskuldbindingum og verðmæti iðgjalda.

Ofangreindar forsendur og aðferðir við mat skuldbindinga eru ákveðnar í samræmi við og með heimild í ákvæðum reglugerðar 391/1998 um reikniforsendur við tryggingafræðilegar athuganir. Fjármálaráðuneyti gefur út staðlaðar forsendur til nota við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða, að fengnum tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. Heimilt er að víkja frá staðalforsendum ef talið er að aðrar forsendur gefi betri mynd af skuldbindingum sjóðsins og er vikið frá forsendum um lífs- og örorkulíkur sjóðfélaga og sömuleiðis við útreikning á mati rekstrarkostnaðar til framtíðar.

Varðandi mat skuldbindinga vegna réttinda sem fylgja launum skal samkvæmt reglugerð 391/1998 almennt miðað við 2% vaxtaforsendu. Þó er í reglugerðinni undanþáguákvæði sem heimilar að miða við 3% vexti: "Þegar um er að ræða lífeyrissjóð sem fellur undir 54. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lífeyrisréttindi miðast við kaupgjald skal þó heimilt að nota 3% vaxtaviðmiðun enda hafi sjóðfélögum verið gefinn kostur á aðild að nýju réttindakerfi fyrir 1. júlí 1998." Virðist þetta ákvæði geta átt við um réttindasöfn B-deildar en hér eru þó skuldbindingar aðeins reiknaðar miðað við 2% ávöxtun umfram hækkun launa enda munu aðildarstofnanir hafa fært skuldbindingar með þeim hætti undanfarin ár.

---

## AÐFERÐIR VIÐ MAT SKULDBINDINGA OG EIGNA

---

Um aðferðir almennt við mat skuldbindinga og endurmat eigna er vísað til umfjöllunar um B-deild sjóðsins.

Varðandi makalífeyrisrétt til 20% af viðmiðunarlaunum sjóðfélaga til viðbótar við áunninn rétt, þá er hann fyrir réttindasafn LA talinn með áföllnum skuldbindingum hjá lífeyrisþegum þar sem að um slíkan rétt er að ræða og einnig hjá öllum starfandi sjóðfélögum.

Lífeyrisaldur er reiknaður sem 68 ár fyrir virka sjóðfélaga, 65 ár fyrir þá sem eiga geymd réttindi. Ekki er talið raunhæft að gera ráð fyrir að sjóðfélagar sem eiga geymdan lífeyrisrétt fresti töku lífeyris til 68 ára aldurs enda hækkar lífeyrisréttur ekki við það. Skuldbinding vegna 95-ára reglu hefur ekki verið metin sérstaklega, en heimild til hennar hefur áhrif á meðalaldur sjóðfélaga er taka lífeyris hefst.

Meðferð á skuldbindingu vegna makalífeyris og forsendur um eftirlaunaaldur eru óbreyttar frá síðustu tryggingafræðilegri athugun Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar.

## NIÐURSTÖÐUR

Miðað við fyrrgreindar aðferðir og forsendur eru niðurstöður um stöðu réttindasafnsins sem hér segir (upphæðir í milljónum) Staða réttindasafnsins er að þessu sinni sýnd að teknu tilliti til ákvæða 37. gr. samþykktu Brúar um viðbótariðgjald.

<b>Tafla I Tryggingafræðileg staða B-deildar Brúar lífeyrissjóðs 2025</b>			
Réttindasafn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akraneskaupstaðar			
<b>Eignir</b>	<b>Áunnið</b>	<b>Framtíð</b>	<b>Heildar</b>
Bókfærð eign	2.398,0		2.398,0
Endurmat, skuldabréf	-27,6		-27,6
Endurgreiðsla		5.365,8	5.365,8
Núvirði iðgjalda		14,2	14,2
<b>Samtals eignir</b>	<b>2.370,5</b>	<b>5.379,9</b>	<b>7.750,4</b>
<b>Skuldbindingar</b>			
Ellilífeyrir	8.202,1	20,0	8.222,1
Örorkulífeyrir	39,1	0,0	39,1
Makalífeyrir	1.283,6	0,8	1.284,3
Barnalífeyrir	0,0	0,0	0,0
Rekstrarkostnaður	211,7	0,8	212,5
<b>Samtals skuldbindingar</b>	<b>9.736,4</b>	<b>21,6</b>	<b>9.758,0</b>
<b>Eignir umfram skuldbindingar</b>	<b>-7.366,0</b>	<b>5.358,4</b>	<b>-2.007,6</b>
<b>Hlutfall</b>	<b>-75,7%</b>	<b>24842,9%</b>	<b>-20,6%</b>

Eftir að taka lífeyris hefst ber aðildarstofnunum að greiða sjóðnum tiltekið hlutfall af öllum lífeyris sem viðbótariðgjald. Er það breyting frá því sem var fyrir árið 2011 en þá greiddu aðildarstofnanir allar hækkunar sem urðu á lífeyri frá úrskurði. Endurgreiðslur á hækkunum voru fyrir 2011 á milli 40 og 50% af lífeyrisgreiðslum, en hlutfall viðbótariðgjalds er frá og með 2025 67%. Reynir ekki á bakábyrgð Akraneskaupstaðar nema að þessar greiðslur ásamt eignum sjóðsins og venjulegum iðgjöldum nægi ekki til að standa við skuldbindingar sjóðsins.

---

## RÉTTINDASAFN LÍFEYRISSJÓÐS NESKAUPSTAÐAR

### TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN 2025

---

Lífeyrissjóður Neskaupstaðar (LN) sameinaðist 1.júlí 2013 fjórum öðrum lífeyrissjóðum með ábyrgð sveitarfélaga, Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar, Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar og Lífeyrissjóði starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar. Síðar hafa Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar og Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar sameinast sjóðnum.

Réttindi sjóðfélaga LN eru varðveitt aðgreind í sérstöku réttindasafni B-deildar Brúar lífeyrissjóðs.

---

### RÉTTINDAÁKVÆÐI

---

Fyrir sjóðfélaga sem eiga aðild að réttindasafninu eru ákvæði um rétt til lífeyris og skyldu til greiðslu iðgjalda til sjóðsins efnislega samhljóða ákvæðum samþykktá sem staðfestar voru af fjármálaráðuneyti 10.11.2011 fyrir Lífeyrissjóð Neskaupstaðar. Sjóðnum var lokað fyrir inngöngu nýrra sjóðfélaga eftir lok júní 1998 og á það einnig við um aðild að réttindasafninu.

Þeir sem greiddu iðgjöld vegna starfa hjá Fjarðabyggð (Neskaupstað) eða stofnunum bæjarins, sjálfseignarstofnana eða hlutafélaga skrásettra í Neskaupstað sem bæjarfélagið á aðild að og iðgjaldsskyldir voru til sjóðsins í júní 1998 enda hafi iðgjald verið greitt til sjóðsins óslitið frá þeim tíma. Falli iðgjaldagreiðslur niður vegna launalauss leyfis eða veikindafjarvista hefur viðkomandi þó rétt til aðildar svo fremi hann hefji aftur starf samkvæmt framansögðu innan 12 mánaða frá því að iðgjaldagreiðslur féllu niður.

Einnig eiga rétt til aðildar sjóðfélagar sem í júní 1998 greiddu iðgjald til Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar vegna þessi að staða þeirra eða starf hafði verið lagt niður.

Loks geta var þeim sem í júní 1998 greiddu iðgjald til sjóðsins heimil áframhaldandi aðild ef starfsemi stofnunar flyst til ríkisins eða annars opinbers aðila enda ábyrgist launagreiðandi skuldbindingar vegna lífeyris.

Iðgjöld til sjóðsins eru 12% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppþót og orlofsuppþót, og greiðir sjóðfélagi 4% og vinnuveitandi 8%. Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, en launagreiðandi greiðir eftir það hluta sjóðfélaga. Sama á við ef iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður eftir 95 ára reglu.

Lífeyrisréttindi eru ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður fyrir orkutapi sem trúnaðarlæknir sjóðsins metur 10% eða meira, ævilangur makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát, og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku elli- eða örorkulífeyris.

Lífeyrisréttur reiknast sem hundradshluti af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót sem við starfslok fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf sem sjóðfélagi gegndi síðast. Hefji sjóðfélagi ekki töku lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum og eigi hann réttindi fyrir lengra starf en 5 ár skal þó miða við laun sem fylgdu starfi hans og eftir þann tíma skulu viðmiðunarlaun fylgja meðalbreytingum á föstum launum opinberra starfsmanna, sbr. hér að neðan. Hafi sjóðfélagi látið af störfum fyrir júlí 2000 skal þó miðað við þau laun er fylgdu starfi hans á þeim tíma.

Almenn regla er að eftir að taka lífeyris hefst skuli lífeyrir breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sem Hagstofa Íslands reiknar mánaðarlega. Er þó þeim sjóðfélögum sem voru á lífeyri í júlí 2000 og þeim sem síðar hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi heimilað að velja að lífeyrisgreiðslur taki sömu breytingum og laun þau sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast. (eftirmannsregla)

Hafi starfstími sjóðfélaga verið styttri en 5 ár skal miða við þau laun er fylgdu starfi hans við starfslok, en eftir að taka lífeyris hefst breytist lífeyrir með sama hætti og lífeyrir annarra sjóðfélaga.

Fyrir hvert ár í fullu starfi ávinnast fyrstu 32 starfsár elli- og örorkulífeyrisréttur sem er 2% af viðmiðunarlaunum samkvæmt ofansögðu. Síðan ávinnst 1% á ári þar til að rétti til töku ellilífeyris er náð. Makalífeyrisréttur er 50% af ellilífeyrisrétti, að viðbættum 20% af viðmiðunarlaunum ellilífeyris hafi sjóðfélagi ekki látið af starfi í lífanda lífi af öðrum orsökum en elli eða örorku.

Sé sjóðfélagi orðinn 60 ára getur hann látið af störfum ef samanlagður aldur hans og starfsaldur eru 95 ár án skerðingar réttinda. Sjóðfélagi skal þó greiða iðgjöld til þess að 95 ára markinu er náð en réttindi skulu þó að hámarki vera 64% við 95 ára markið.

Sérstök ákvæði gilda að auki um lífeyrisréttindi fyrir vaktavinnu, og greiða sjóðfélagar 4% iðgjald af launum fyrir vaktavinnu og launagreiðandi 8%. Reiknað er hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslum miðað við viðmiðunarlaun sjóðfélaga til lífeyris. Bæjarsjóður Fjarðarbyggðar ábyrgist skuldbindingar réttindasafnsins en auk iðgjaldagreiðslna skulu laungreiðendur greiða tiltekið hlutfall lífeyris sem viðbótariðgjald og var hlutfall viðbótariðgjalds af lífeyri ákveðið 74% fyrir árið 2025.

Ofangreint ágríp af ákvæðum samþykktar er ekki tæmandi og er um fyllri upplýsingar vísað til viðauka 3 í samþykktum Brúar, 1. gr. um aðild að sjóðnum, 2. - 10. greinar varðandi skilyrði fyrir rétti til töku lífeyris, réttindaákvæði og réttindaöflun, til 1. greinar um iðgjaldagreiðslur og loks 35. – 37. greinar samþykktar Brúar lífeyrissjóðs um ábyrgð á réttindasafninu og greiðslu viðbótariðgjalds sem er ákveðið sem hluti lífeyris.

---

## GÖGN

---

Um almenna aðferðafræði er er vísað til yfirlits í skýrslu um athugun B-deildar.

Nokkuð skortir þó enn á að fullkomnar upplýsingar liggja fyrir í iðgjaldakerfi um hjá hvaða launagreiðanda réttinda var aflað

Viðmiðun lífeyrisréttinda í réttindasafni LN er almennt við föst laun fyrir fullt starf sem sjóðfélagi gegndi síðast. Við lok árs 2025 greiddi enginn sjóðfélagi iðgjöld til réttindasafnsins.

Fyrir þá sem hættir eru störfum ber að miða við síðustu laun, eða ef sjóðfélagi á að baki meira en 60 mánaða starf, síðustu laun og síðan hækkun með meðalbreytingu launa opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu til þess dags er sjóðfélagi hefur töku lífeyris. Hafi sjóðfélagi sem á að baki 60 mánaða starf eða meira látið af störfum fyrir júlí 2000 ber að miða við laun eftirmanns í júlí 2000, og síðan hækkun með fyrrgreindri launavísitölu.

---

## REIKNIFORSENDUR

---

Notaðar eru sömu forsendur um lífs- og örorkulíkur fyrir öll réttindasöfn B-deildar við tryggingafræðilega athugun ársins 2025. Sama gildir um giftingarlíkur og meðalaldur maka og fjölda barna og er vísað til almennrar umfjöllunar hér að framan.

Kostnaði við rekstur B-deildar er skipt milli réttindasafna í hlutfalli við áfallnar skuldbindingar. Um aðferð við mat rekstrarkostnaðar til framtíðar er um nánari umfjöllun vísað til umfjöllunar um reikniforsendur fyrir athugun B-deildar. Mat á rekstrarkostnaði réttindasafnsins er svo skipt milli áfallinna réttinda og framtíðar í hlutfalli við mat á lífeyrisskuldbindingum og verðmæti iðgjalda.

Ofangreindar forsendur og aðferðir við mat skuldbindinga eru ákveðnar í samræmi við og með heimild í ákvæðum reglugerðar 391/1998 um reikniforsendur við tryggingafræðilegar athuganir. Fjármálaráðuneyti gefur út staðlaðar forsendur til nota við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða, að fengnum tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. Heimilt er að víkja frá staðalforsendum ef talið er að aðrar forsendur gefi betri mynd af skuldbindingum sjóðsins og er vikið frá forsendum um lífs- og örorkulíkur sjóðfélaga og sömuleiðis við útreikning á mati rekstrarkostnaðar til framtíðar.

Varðandi mat skuldbindinga vegna réttinda sem fylgja launum skal samkvæmt reglugerð 391/1998 almennt miðað við 2% vaxtaforsendu. Þó er í reglugerðinni undanþáguákvæði sem heimilar að miða við 3% vexti: "Þegar um er að ræða lífeyrissjóð sem fellur undir 54. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lífeyrisréttindi miðast við kaupgjald skal þó heimilt að nota 3% vaxtaviðmiðun enda hafi sjóðfélögum verið gefinn kostur á aðild að nýju réttindakerfi fyrir 1. júlí 1998." Virðist þetta ákvæði geta átt við um réttindasöfn B-deildar en hér eru þó skuldbindingar aðeins reiknaðar miðað við 2% ávöxtun umfram hækkun launa enda munu aðildarstofnanir hafa fært skuldbindingar með þeim hætti undanfarin ár.

---

## AÐFERÐIR VIÐ MAT SKULDBINDINGA OG EIGNA

---

Um aðferðir almennt við mat skuldbindinga og endurmat eigna er vísað til umfjöllunar um B-deild sjóðsins.

Varðandi makalífeyrisrétt til 20% af viðmiðunarlaunum sjóðfélaga til viðbótar við áunninn rétt, þá er hann fyrir réttindasafn LN talinn með áföllnum skuldbindingum hjá lífeyrisþegum þar sem að um slíkan rétt er að ræða og einnig hjá starfandi.

Lífeyrisaldur er reiknaður 65 ár fyrir þá sem eiga geymd réttindi.

Meðferð á skuldbindingu vegna makalífeyris og forsendur um eftirlaunaaldur eru óbreyttar frá síðustu tryggingafræðilegri athugun Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar.

## NIÐURSTÖÐUR

Miðað við fyrrgreindar aðferðir og forsendur eru niðurstöður um stöðu réttindasafnsins sem hér segir ef notuð er 2% vaxtaforsenda (upphæðir í milljónum) Staða réttindasafnsins er að þessu sinni sýnd að teknu tilliti til ákvæða 37. gr. samþykktu Brúar lífeyrissjóðs um greiðslu aðildarstofnana á viðbótariðgjaldi sem er hluti lífeyrisgreiðslna.

<b>Tafla I Tryggingafræðileg staða B-deildar Brúar lífeyrissjóðs 2025</b>			
Réttindasafn Lífeyrissjóðs starfsmanna Neskaupstaðar			
<b>Eignir</b>	<b>Áunnið</b>	<b>Framtíð</b>	<b>Heildar</b>
Bókfærð eign	400,2		400,2
Endurmat, skuldabréf	-4,6		-4,6
Endurgreiðsla		1.878,3	1.878,3
Núvirði iðgjalda		0,0	0,0
<b>Samtals eignir</b>	<b>395,6</b>	<b>1.878,3</b>	<b>2.273,9</b>
<b>Skuldbindingar</b>			
Ellilífeyrir	2.360,0	0,0	2.360,0
Örorkulífeyrir	1,0	0,0	1,0
Makalífeyrir	639,0	0,0	639,0
Barnalífeyrir	0,0	0,0	0,0
Rekstrarkostnaður	66,9	0,0	66,9
<b>Samtals skuldbindingar</b>	<b>3.066,9</b>	<b>0,0</b>	<b>3.066,9</b>
<b>Eignir umfram skuldbindingar</b>	<b>-2.671,2</b>	<b>1.878,3</b>	<b>-793,0</b>
<b>Hlutfall</b>	<b>-87,1%</b>	<b>5964489,9%</b>	<b>-25,9%</b>

Eftir að taka lífeyris hefst ber aðildarstofnunum að greiða sjóðnum tiltekið hlutfall af öllum lífeyri í viðbótariðgjald. Hlutfallið var 74% 2025. Reynir ekki á bakábyrgð Fjarðabyggðar nema að þessar greiðslur ásamt eignum sjóðsins nægi ekki til að standa við skuldbindingar sjóðsins.

---

## RÉTTINDASAFN LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA HÚSAVÍKURKAUPSTAÐAR

### TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN 2025

---

Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar (LSH) sameinaðist 1. júlí 2013 fjórum öðrum lífeyrissjóðum með ábyrgð sveitarfélaga, Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnarfjarðarvíkurkaupstaðar, Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar, Lífeyrissjóði Neskaupstaðar og Lífeyrissjóði starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar. Síðar hafa Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar og Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar sameinast sjóðnum.

Réttindi sjóðfélaga LSH eru varðveitt í tölvukerfum sjóðsins aðgreind í sérstöku réttindasafni B-deildar Brúar lífeyrissjóðs.

---

### RÉTTINDAÁKVÆÐI

---

Fyrir sjóðfélaga sem eiga aðild að réttindasafninu eru ákvæði um rétt til lífeyris og skyldu til greiðslu iðgjalda til sjóðsins efnislega samhljóða ákvæðum samþykktu sem staðfestar voru af fjármálaráðuneyti árið 2012 fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar. Sjóðnum var lokað fyrir inngöngu nýrra sjóðfélaga á árinu 1998 og á það við um aðild að réttindasafninu.

Sjóðfélagar eru þeir sem greiddu iðgjöld vegna starfa hjá Húsavíkurkaupstað eða stofnunum bæjarins, falla undir lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og iðgjaldsskyldir voru til sjóðsins í júní 1998 enda hafi iðgjald verið greitt til sjóðsins óslitið frá þeim tíma, starfsmenn stéttarfélaga og bandalaga þeirra, sem falla undir lög nr. 94/1986, og starfsmenn Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, sem eru sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar (LSH) er þeir hefja störf hjá ofangreindum aðilum hafa á sama hátt rétt á greiðslu iðgjalda til sjóðsins og þeir sem fyrir voru taldir, og ennfremur þeir sjóðfélagar, sem í júní 1998 greiddu iðgjöld vegna þess að staða eða starfi sjóðfélaga hafði verið lagður niður.

Þeim sjóðfélögum, sem í júní 1998 greiddu iðgjöld til sjóðsins er heimil áframhaldandi aðild að sjóðnum flytjist starfsemi stofnunar til ríkisins eða annars opinbers aðila enda ábyrgist launagreiðandi skuldbindingar vegna lífeyris til sjóðsins í samræmi við samþykktir þessar.

Iðgjöld til sjóðsins eru 12% af föstum launum, og greiðir sjóðfélagi 4% og vinnuveitandi 8%. Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður. Greiðir launagreiðandi eftir það 12% iðgjald vegna launþegans.

Lífeyrisréttindi sem sjóðurinn veitir ef sjóðfélagi á að baki a.m.k. 12 mánaða starf, eru ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður fyrir orkutapi sem trúnaðarlæknir sjóðsins metur 10% eða meira, ævilangur makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi létur eftir sig við andlát, og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku elli- eða örorkulífeyris.

Lífeyrisréttindi sjóðfélaga sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi eru miðuð við laun sem þá fylgja starfi sjóðfélaga. Eftir að taka lífeyris hefst skulu breytingar á lífeyrisgreiðslum ákveðnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, samkvæmt vísitölu sem Hagstofu Íslands reiknar út. Sjóðfélagar sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi og þeir sem fengu lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum er nógildandi samþykktir tóku gildi geta þó valið að lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við þær breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast.

Hefji sjóðfélagi ekki töku lífeyris í beinu framhaldi af því að hann lætur af starfi er upphæð ellilífeyris ákveðin þannig að miða er við þau laun sem iðgjöld voru síðast greidd af til sjóðsins með breytingum í samræmi við breytingar á fyrrnefndri vísitölu þar til taka lífeyris hefst. Hafi sjóðfélagi látið af störfum fyrir 31. júlí 2000 skal þó miða við þau laun, sem því starfi fylgdu 31. júlí 2000, en eftir það samkvæmt framangreindri reglu.

Fyrir hvert ár í fullu starfi ávinnast 2% elli- og örorkulífeyrisréttur fyrstu 32 starfsár. Síðan ávinnast 1% á ári þar til að rétti til töku ellilífeyris er náð. Makalífeyrisréttur er 50% af ellilífeyrisrétti, að viðbættum 20% af viðmiðunarlaunum hefji sjóðfélagi töku elli- eða örorkulífeyris í beinu framhaldi af starfi eða hafi fallið frá meðan hann greiddi iðgjald til sjóðsins.

Sé sjóðfélagi orðinn 60 ára getur hann látið af störfum ef samanlagður aldur hans og starfsaldur eru 95 ár án skerðingar réttinda. Sjóðfélagi skal þó greiða iðgjöld til þess að 95 ára markinu er náð en réttindi skulu þó að hámarki vera 64% við 95 ára markið.

Sérstök ákvæði gilda að auki um lífeyrisréttindi fyrir vaktavinnu, og greiða sjóðfélagar 4% iðgjald af launum fyrir vaktavinnu og launagreiðandi 6%. Reiknað er hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslum miðað við sérstök viðmiðunarlaun sem sjóðstjórn ákveður, og ávinnast fyrir hverra 12 mánaða iðgjaldagreiðslu réttur til 2% elli- og örorkulífeyris og 1% makalífeyris af viðmiðunarlaununum.

Húsavíkurkaupstaður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins, en auk iðgjaldagreiðslna skulu bæjarsjóður og viðkomandi stofnanir greiða í viðbótariðgjald tiltekið hlutfall af lífeyrisgreiðslum. Hlutfallið er ákveðið af bæjarstjórn að fenginni umsögn tryggingafræðings og sjóðsstjórnar. Hlutfallið var 72% árið 2025.

.Ofangreind samantekt um ákvæði samþykktar er ekki tæmandi og er um fyllri upplýsingar vísað til Viðauka 4 í samþykktum Brúar, 1. greinar viðaukans um aðild að sjóðnum, 2. til 10. greinar varðandi skilyrði fyrir rétti til töku lífeyris, réttindaákvæði og réttindaöflun, til 1. greinar um iðgjaldagreiðslur og loks 35. til 37. greinar samþykktar Brúar lífeyrissjóðs um ábyrgð á sjóðnum og greiðslu hluta lífeyris í viðbótariðgjald.

---

## GÖGN

---

Um almenna aðferðafræði er vísað til yfirlits í skýrslu um athugun B-deildar. Upplýsingar um réttindaöflun sjóðfélaga sem aðild eiga að réttindasafninu er haldið aðgreindum frá öðrum sjóðfélögum Brúar lífeyrissjóðs og sama á við um lífeyrisþega.

---

## REIKNIFORSENDUR

---

Notaðar eru sömu forsendur um lífs- og örorkulíkur fyrir öll réttindasöfn B-deildar við tryggingafræðilega athugun ársins 2025. Sama gildir um giftingarlíkur og meðalaldur maka og fjölda barna og er vísað til almennrar umfjöllunar hér að framan.

Kostnaði við rekstur B-deildar er skipt milli réttindasafna í hlutfalli við áfallnar skuldbindingar. Um aðferð við mat rekstrarkostnaðar til framtíðar er um nánari umfjöllun vísað til umfjöllunar um reikniforsendur fyrir athugun B-deildar. Mat á rekstrarkostnaði réttindasafnsins er svo skipt milli áfallinna réttinda og framtíðar í hlutfalli við mat á lífeyrisskuldbindingum og verðmæti iðgjalda.

Viðmiðun lífeyrisréttinda í réttindasafni LSH er almennt við föst laun fyrir fullt starf sem sjóðfélagi gegndi síðast. Fyrir þá sem voru í starfi 2025 var aflað upplýsinga hjá launagreiðendum um viðmiðunarlaun í janúar 2026. Réttindaöflun til framtíðar var reiknuð miðað við þau laun og réttindahlutfall sem sjóðfélaginn ávann sér 2025.

Fyrir þá sem hættir eru störfum ber að miða við síðustu laun, eða ef sjóðfélagi á að baki meira en 12 mánaða starf, síðustu laun og síðan hækkun með meðalbreytingu launa opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu til þess dags er sjóðfélagi hefur töku lífeyris. Hafi sjóðfélagi sem á að baki 12 mánaða starf eða meira látið af störfum fyrir júlí 2000 ber að miða við laun eftirmanns í júlí 2000, og síðan hækkun með fyrrgreindri launavísitölu.

Ofangreindar forsendur og aðferðir við mat skuldbindinga eru ákveðnar í samræmi við og með heimild í ákvæðum reglugerðar 391/1998 um reikniforsendur við tryggingafræðilegar athuganir. Fjármálaráðuneyti gefur út staðlaðar forsendur til nota við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða, að fengnum tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. Heimilt er að víkja frá staðalforsendum ef talið er að aðrar forsendur gefi betri mynd af skuldbindingum sjóðsins og er vikið frá forsendum um lífs- og örorkulíkur sjóðfélaga og sömuleiðis við útreikning á mati rekstrarkostnaðar til framtíðar.

Varðandi mat réttinda sem fylgja launum skal samkvæmt reglugerð 391/1998 almennt miðað við 2% vaxtaforsendu. Þó er í reglugerðinni undanþáguákvæði sem heimilur að miða við 3% vexti: "Þegar um er að ræða lífeyrissjóð sem fellur undir 54. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lífeyrisréttindi miðast við kaupgjald skal þó heimilt að nota 3% vaxtaviðmiðun enda hafi sjóðfélögum verið gefinn kostur á aðild að nýju réttindakerfi fyrir 1. júlí 1998." Virðist þetta ákvæði geta átt við um LSH en hér eru þó skuldbindingar aðeins reiknaðar miðað við 2% ávöxtun umfram hækkun launa enda munu aðildarstofnanir hafa fært skuldbindingar með þeim hætti undanfarin ár.

---

## AÐFERÐIR VIÐ MAT SKULDBINDINGA OG EIGNA

---

Um aðferðir almennt við mat skuldbindinga og endurmat eigna er vísað til umfjöllunar um B-deild sjóðsins.

Makalífeyrisréttur sem er 20% af viðmiðunarlaunum sjóðfélaga til viðbótar við áunninn rétt, er hér ekki talinn með áföllnum skuldbindingum nema hjá lífeyrisþegum þar sem að um slíkan rétt er að ræða.

Lífeyrisaldur er reiknaður sem 67 ár fyrir virka sjóðfélaga, 65 ár fyrir þá sem eiga geymd réttindi. Ekki er talið raunhæft að gera ráð fyrir að sjóðfélagar sem eiga geymdan lífeyrisrétt fresti töku lífeyris til 67 ára aldurs enda hækkar lífeyrisréttur ekki við það. Skuldbinding vegna 95-ára reglu hefur ekki verið metin sérstaklega, en heimild til hennar hefur áhrif á meðalaldur sjóðfélaga er taka lífeyris hefst.

## NIÐURSTÖÐUR

Staða réttindasafnsins er sýnd að teknu tilliti til ákvæða 35 - 37. gr. samþykktta sjóðsins um greiðslu aðildarstofnana á viðbótariðgjaldi sem er hlutfall af lífeyrisgreiðslum. Hlutfallið var ákveðið 72% fyrir árið 2025. Miðað við fyrrgreindar aðferðir og forsendur eru niðurstöður sem hér segir ef notuð er 2% vaxtaforsenda (upphæðir í milljónum)

<b>Tafla I Tryggingafræðileg staða B-deildar Brúar lífeyrissjóðs 2025</b>			
Réttindasafn Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar			
<b>Eignir</b>	<b>Áunnið</b>	<b>Framtíð</b>	<b>Heildar</b>
Bókfærð eign	542,3		542,3
Endurmat, skuldabréf	-6,2		-6,2
Endurgreiðsla		2.907,8	2.907,8
Núvirði iðgjalda		15,0	15,0
<b>Samtals eignir</b>	<b>536,0</b>	<b>2.922,8</b>	<b>3.458,8</b>
<b>Skuldbindingar</b>			
Ellilífeyrir	3.189,5	33,8	3.223,2
Örorkulífeyrir	9,6	0,1	9,7
Makalífeyrir	800,2	5,6	805,8
Barnalífeyrir	0,0	0,0	0,0
Rekstrarkostnaður	88,0	1,2	89,2
<b>Samtals skuldbindingar</b>	<b>4.087,2</b>	<b>40,7</b>	<b>4.127,9</b>
<b>Eignir umfram skuldbindingar</b>	<b>-3.551,2</b>	<b>2.882,1</b>	<b>-669,1</b>
<b>Hlutfall</b>	<b>-86,9%</b>	<b>7083,1%</b>	<b>-16,2%</b>

---

# RÉTTINDASAFN LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA VESTMANNAEYJABÆJAR

---

## TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN 2025

---

Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar (LSV) sameinaðist 1.júlí 2013 fjórum öðrum lífeyrissjóðum með ábyrgð sveitarfélaga, Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar, Lífeyrissjóði Neskaupstaðar og Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar. Síðar hafa Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar og Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar sameinast sjóðnum.

Réttindi sjóðfélaga LSV eru varðveitt í tölvukerfum sjóðsins aðgreind í sérstöku réttindasafni B-deildar Brúar lífeyrissjóðs.

---

### RÉTTINDAÁKVÆÐI

---

Fyrir sjóðfélaga sem eiga aðild að réttindasafninu eru ákvæði um rétt til lífeyris og skyldu til greiðslu iðgjalda til sjóðsins efnislega samhljóða ákvæðum samþykktum sem staðfestar voru af Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar og stjórn lífeyrissjóðsins þann 12. janúar 2012. Sjóðnum var lokað fyrir inngöngu nýrra sjóðfélaga frá og með 1.janúar 1995 og á það við um aðild að réttindasafninu.

Iðgjöld til sjóðsins eru 12% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, og greiðir sjóðfélagi 4% og vinnuveitandi 8%. Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda.

Lífeyrisréttindi sem sjóðurinn veitir eru ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður fyrir orkutapi sem trúnaðarlæknir sjóðsins metur 10% eða meira, ævilangur makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát, og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku elli- eða örorkulífeyris.

Lífeyrisréttur reiknast sem hundraðshluti launum sem á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðfélagi gegndi síðast. (eftirmannsregla).

Fyrir hvert ár í fullu starfi ávinnast fyrstu 32 starfsár elli- og örorkulífeyrisréttur sem er 2% af viðmiðunarlaunum samkvæmt ofansögðu. Síðan ávinnst 1% á ári þar til að rétti til töku ellilífeyris er náð. Makalífeyrisréttur er 50% af ellilífeyrisrétti, að viðbættum 20% af viðmiðunarlaunum ellilífeyris hafi sjóðfélagi ekki látið af starfi í lifanda lífi af öðrum orsökum en elli eða örorku.

Sé sjóðfélagi orðinn 60 ára getur hann látið af störfum ef samanlagður aldur hans og starfsaldur eru 95 ár án skerðingar réttinda. Sjóðfélagi skal þó greiða iðgjöld fram til þess að 95 ára markinu er náð og réttindi skulu þó að hámarki vera 64% við 95 ára markið.

Sérstök ákvæði gilda að auki um lífeyrisréttindi fyrir vaktavinnu, og greiða sjóðfélagar 4% iðgjald af launum fyrir vaktavinnu og launagreiðandi 6%. Reiknað er hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslum miðað við sérstök viðmiðunarlaun sem sjóðstjórn skal samkvæmt samþykktum ákveða, og ávinnst fyrir

hverja 12 mánaða iðgjaldagreiðslu af launum sem svara til viðmiðunarlaun réttur til 2% elli- og örorkulífeyris og 1% makalífeyris af viðmiðunarlaununum og hlutfallslega ef greitt er af hærri eða lægri fjárhæð.

Vestmannaeyjabær ábyrgist skuldbindingar réttindasafnsins. Launagreiðendur skulu nú greiða viðbótariðgjald sem er ákveðið sem hlutfall af öllum lífeyri sem greiddur er til starfsmanna þeirra. Hlutfall þetta skal ákveðið af bæjarstjórn til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, að fenginni umsögn tryggingafræðings og sjóðstjórnar. Hlutfallið var 72% af lífeyri fyrir árið 2025.

Ofangreint ágríp af réttindaákvæðum er ekki tæmandi og er um fyllri upplýsingar vísað til samþykktu Brúar lífeyrissjóðs, 35. – 37. greinar um greiðslu viðbótariðgjalds og til viðauka 5 um réttindaákvæði réttindasafnsins.

---

## GÖGN

---

Almennt um gagnavinnslu vísast til umfjöllunar um tryggingafræðilega stöðu B-deildar.

Eins og rakið er að ofan er það almenn regla um viðmiðun lífeyrisréttinda í réttindasafninu að miða við laun fyrir fullt starf sem á hverjum tíma fylgir starfi því sem sjóðfélagi gegndi síðast. Í tengslum við sameiningu sjóðsins við B-deild Brúar lífeyrissjóðs var hjá sjóðnum unninn listi á árinu 2013 um viðmiðunarlaun sjóðfélaga sem látið höfðu af störfum fyrir desember árið 2006. Eftir þann tíma breytast þau viðmiðunarlaun með meðalvísitölu dagvinnulauna opinberra starfsmanna sem Hagstofa Íslands reiknar. Fyrir þá sem látið hafa af störfum síðan eru viðmiðunarlaun við starfslok reiknuð eftir iðgjaldagreiðslum og réttindaöflun síðasta eða næst síðasta árs sem þeir greiddu til sjóðsins og síðan færð til ársloka 2025 með fyrrnefndri vísitölu meðallauna.

---

## REIKNIFORSENDUR

---

Notaðar eru sömu forsendur um lífs- og örorkulíkur fyrir öll réttindasöfn B-deildar við tryggingafræðilega athugun ársins 2025. Sama gildir um giftingarlíkur og meðalaldur maka og fjölda barna og er vísað til almennrar umfjöllunar hér að framan.

Kostnaði við rekstur B-deildar er skipt milli réttindasafna í hlutfalli við áfallnar skuldbindingar. Um aðferð við mat rekstrarkostnaðar til framtíðar er um nánari umfjöllun vísað til umfjöllunar um reikniforsendur fyrir athugun B-deildar. Mat á rekstrarkostnaði réttindasafnsins er svo skipt milli áfallinna réttinda og framtíðar í hlutfalli við mat á lífeyrisskuldbindingum og verðmæti iðgjalda.

Viðmiðun lífeyrisréttinda í réttindasafni Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjabæjar er almennt við föst laun fyrir fullt starf sem sjóðfélagi gegndi síðast sbr. hér að framan. Fyrir þá sem voru í starfi 2025 var aflað upplýsinga hjá launagreiðendum um viðmiðunarlaun í janúar 2026. Réttindaöflun til framtíðar var reiknuð miðað við þau laun og réttindahlutfall sem sjóðfélaginn ávann sér 2025.

Ofangreindar forsendur og aðferðir við mat skuldbindinga eru ákveðnar í samræmi við og með heimild í ákvæðum reglugerðar 391/1998 um reikniforsendur við

tryggingafræðilegar athuganir. Fjármálaráðuneyti gefur út staðlaðar forsendur til nota við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða, að fengnum tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. Heimilt er að víkja frá staðalforsendum ef talið er að aðrar forsendur gefi betri mynd af skuldbindingum sjóðsins og er vikið frá forsendum um lífs- og örorkulíkur sjóðfélaga og sömuleiðis við útreikning á mati rekstrarkostnaðar til framtíðar.

Varðandi mat réttinda sem fylgja launum skal samkvæmt reglugerð 391/1998 almennt miðað við 2% vaxtaforsendu. Þó er í reglugerðinni undanþáguákvæði sem heimilar að miða við 3% vexti : "Þegar um er að ræða lífeyrissjóð sem fellur undir 54. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lífeyrisréttindi miðast við kaupgjald skal þó heimilt að nota 3% vaxtaviðmiðun enda hafi sjóðfélögum verið gefinn kostur á aðild að nýju réttindakerfi fyrir 1. júlí 1998." Virðist þetta ákvæði geta átt við um LSV en hér eru þó skuldbindingar aðeins reiknaðar miðað við 2% ávöxtun umfram hækkun launa enda munu aðildarstofnanir hafa fært skuldbindingar með þeim hætti undanfarin ár.

---

## AÐFERÐIR VIÐ MAT SKULDBINDINGA OG EIGNA

---

Skuldbindingar sjóðsins eru metnar í tvennu lagi. Annars vegar eru metnar áfallnar skuldbindingar, þ.e. þær skuldbindingar sem sjóðurinn hefur þegar tekið á sig vegna áunninna réttinda sjóðfélaga, og hins vegar framtíðarskuldbindingar sjóðsins, sem eru þær skuldbindingar sem falla munu á sjóðinn við það að við bætast skuldbindingar vegna þeirra iðgjalda sem ætlað er að berast muni sjóðnum í framtíðinni vegna þeirra sjóðfélaga sem greiddu til iðgjöld til réttindasafnsins á árinu 2025, að frádregnu verðmæti iðgjaldanna.

Réttur makalífeyrisþega til 20% af viðmiðunarlaunum sjóðfélaga til viðbótar við helming af áunnum ellilífeyrisrétti sjóðfélagans er við mat skuldbindinga ekki talinn með áföllnum skuldbindingum nema hjá lífeyrisþegum þar sem að um slíkan rétt er að ræða. Slíkur réttur stofnast aðeins ef sjóðfélagi hefur hafið töku lífeyris í beinu framhaldi af greiðslu iðgjalda til sjóðsins eða fallið frá áður en iðgjaldagreiðslum lauk.

Við mat skuldbindinga er fyrir lífeyrisþega miðað við greiddan lífeyri 2025 og fyrir aðra sjóðfélaga reiknað hverjar verða muni lífeyrisgreiðslur til þeirra samkvæmt ákvæðum samþykktu sjóðsins miðað við þegar áunnin réttindi. Þegar framtíðarskuldbinding er reiknuð er miðað við allir sem töldust til virkra sjóðfélaga á árinu 2025 verði það áfram þar til starfi lýkur vegna elli- örorku eða andláts. Lífeyrisaldur er reiknaður sem 68 ár fyrir virka sjóðfélaga en 65 ár fyrir þá sem eiga geymd réttindi. Ekki er talið raunhæft að gera ráð fyrir að sjóðfélagar sem einungis eiga geymd réttindi hjá sjóðnum fresti töku lífeyris til 68 ára aldurs enda hækkar lífeyrisréttur ekki við það. Skuldbinding vegna 95-ára reglu hefur ekki verið metin sérstaklega.

## NIÐURSTÖÐUR

Staða sjóðsins er sýnd að teknu tilliti til ákvæða 35. til 37. gr. samþykktá Brúar lífeyrissjóðs um viðbótariðgjald aðildarstofnana sem er ákveðið sem tiltekið hlutfall lífeyrisgreiðslnar. Hlutfallið var ákveðið 72% 2025. Miðað við fyrrgreindar aðferðir og forsendur eru niðurstöður sem hér segir ef notuð er 2% vaxtaforsenda (upphæðir í milljónum)

<b>Tafla I Tryggingafræðileg staða B-deildar Brúar lífeyrissjóðs 2025</b>			
Réttindasafn Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar			
<b>Eignir</b>	<b>Áunnið</b>	<b>Framtíð</b>	<b>Heildar</b>
Bókfærð eign	721,1		721,1
Endurmat, skuldabréf	-8,5		-8,5
Endurgreiðsla		4.717,3	4.717,3
Núvirði iðgjalda		12,1	12,1
<b>Samtals eignir</b>	<b>712,5</b>	<b>4.729,4</b>	<b>5.441,9</b>
<b>Skuldbindingar</b>			
Ellilífeyrir	5.629,3	30,0	5.659,3
Örorkulífeyrir	26,7	0,0	26,7
Makalífeyrir	1.083,0	15,5	1.098,5
Barnalífeyrir	0,0	0,0	0,0
Rekstrarkostnaður	149,1	1,3	150,3
<b>Samtals skuldbindingar</b>	<b>6.888,0</b>	<b>46,8</b>	<b>6.934,9</b>
<b>Eignir umfram skuldbindingar</b>	<b>-6.175,5</b>	<b>4.682,5</b>	<b>-1.493,0</b>
<b>Hlutfall</b>	<b>-89,7%</b>	<b>10002,1%</b>	<b>-21,5%</b>

---

## RÉTTINDASAFN EFTIRLAUNASJÓÐS STARFSMANNA REYKJANESBÆJAR

### TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN 2025

---

Eftirlaun sjóður starfsmanna Reykjanesbæjar (ESRB) sameinaðist 1. jan 2017 B-deild Brúar lífeyrissjóðs. Í deildinni höfðu áður sameinast fimm lífeyrissjóðir með ábyrgð sveitarfélaga, Eftirlaun sjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar, Lífeyrissjóður Neskaupstaðar og Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar og Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar. Lífeyrissjóður Kópavogsbæjar sameinaðist svo sjóðnum á árinu 2018.

Réttindi sjóðfélaga ESRB eru varðveitt í tölvukerfum Brúar lífeyrissjóðs aðgreind í sérstöku réttindasafni B-deildar Brúar lífeyrissjóðs.

---

### RÉTTINDAÁKVÆÐI

---

Fyrir sjóðfélaga sem eiga aðild að réttindasafninu eru ákvæði um rétt til lífeyris og skyldu til greiðslu iðgjalda til sjóðsins efnislega samhljóða ákvæðum samþykktá sem gildi tóku 14. júní 2012. Sjóðnum var lokað fyrir inngöngu nýrra sjóðfélaga frá og með 1. júlí 1999 og á það við um aðild að réttindasafninu og fellur starfssemi deildarinnar nú undir ákvæði 54. gr. l. 129/1997.

Sjóðfélagar geta verið allir starfsmenn Reykjanesbæjar og stofnana hans 16 ára og eldri sem störfuðu hjá þessum aðilum fyrir 1. júlí 1999, og taka laun samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjanesbæjar eða samkvæmt sérstökum ráðningarsamningi þar sem kveðið er á um aðild að sjóðnum.

Sjóðfélagar geta með heimild stjórnar sjóðsins einnig verið starfsmenn stofnana eða fyrirtækja sem Reykjanesbær rekur ásamt öðrum. Sama gildir um starfsmenn sjálfseignarstofnana sem eiga lögheimili í kaupstaðnum og starfa í þágu almennings. Það er einnig skilyrði fyrir áframhaldandi aðild starfsmanna slíkra stofnana að þeir hafi verið sjóðfélagar fyrir 1. júlí 1999.

Iðgjöld til sjóðsins eru 12% af föstum launum, og greiðir sjóðfélagi 4% og launagreiðandi 8%.

Réttindatími er talinn sá tími sem sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins sem svarar fullu starfi, þar með talinn tími vegna flutnings iðgjalda og réttindakaupa, og ráðast lífeyrisréttindi af réttindatíma.

Fyrst verður fjallað um lífeyrisréttindi þeirra sjóðfélaga sem eiga að baki að minnsta kosti fimm ára réttindatíma.

#### **Réttindatími að lágmarki 5 ár**

Réttur er til ævilangs ellilífeyris frá 65 ára aldri hafi sjóðfélagi látið af þeim störfum sem veittu honum aðild að sjóðnum, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður fyrir orkutapi sem trúnaðarlæknir sjóðsins metur 40% eða meira, ævilangur makalífeyrir til maka sem

sjóðfélagi latur eftir sig við andlát, og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku elli- eða örorkulífeyris.

Lífeyrisréttindi eru við upphaf töku lífeyris miðuð við laun sem á þeim tíma fylgja starfi því er sjóðfélagi gegndi síðast. Eftir að taka lífeyris hefst skulu lífeyrisgreiðslur breytast í samræmi við meðalbreytingar dagvinnulauna hjá opinberum starfsmönnum samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands. Þó geta þeir sem nutu lífeyris frá sjóðnum við gildistöku samþykkt sjóðsins á árinu 2001 eða hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi sem greitt er af til sjóðsins til þess tíma, eftir gildistöku samþykkt þessara, ákveðið að í stað breytinga skv. fyrrnefndri launavísitölu fylgi lífeyririnn breytingum á þeim launum, sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast, eða upphaflegur lífeyrir þeirra var miðaður við.

Hundraðshluti ellilífeyris af viðmiðunarlaunum fer eftir réttindatíma sjóðfélagsins. Fyrir hvert réttindaár stofnast réttur sem er 2% af viðmiðunarlaunum. Enginn getur þó öðlast herra réttindahlutfall en 87% og er þá iðgjaldagreiðslum vegna sjóðfélaga hætt.

Örorkulífeyrisréttur er jafn áunnum ellilífeyrisrétti. Hafi sjóðfélagi greitt til sjóðsins þrjú almanaksár af fjórum, og sex mánuði af tólf á undan orkutapi er bætt við áunninn rétt þeim rétt sem sjóðfélagi hefði áunnið sér fram að 65 ára aldri miðað við árlegan meðalréttindatíma næstu þrjú almanaksár fyrir orkutap. [framreikningur] Makalífeyrisréttur er 60% af áunnum ellilífeyrisrétti, og ef skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt sbr. ákvæði um örorkulífeyri er einnig bætt við 60% af þeim lífeyrisrétti sem sjóðfélagi hefði áunnið sér fram að 65 ára aldri.

Sé sjóðfélagi orðinn 60 ára getur hann látið af störfum ef samanlagður aldur hans og starfsaldur eru 95 ár án skerðingar réttinda.

Hætti sjóðfélagi greiðslu iðgjalda til sjóðsins áður en kemur að töku lífeyris fellur niður réttur til barnalífeyris og réttur til framreiknings.

### **Réttur sjóðfélaga með minna en 5 ára réttindatíma**

Eigi sjóðfélagi minna en 5 ára réttindatíma fara réttindi eftir ákvæðum samþykkt Sambands almennra lífeyrissjóða (SAL) frá árinu 1997. Réttur er til ellilífeyris frá 67 ára aldri, örorkulífeyris og makalífeyris við fráfall sjóðfélaga. Makalífeyrir sem er helmingur af ellilífeyrisrétti er greiddur í 36 mánuði að fullu og 24 mánuði að hálfu og einnig fullur makalífeyrir meðan barn sem sjóðfélagi latur eftir sig er innan við 19 ára að aldri, eða maki er a.m.k. 50% öryrki. Lífeyrisréttindi eru 1,4% fyrir hvert ár sem greitt er til sjóðsins af þeim meðallaunum sem greitt er af, verðtryggt með grundvallarlaunum SAL, sem nú breytast eins og vísitala neysluverðs til verðtryggingar.

Reykjanesbær ábyrgist skuldbindingar réttindasafnsins. Launagreiðendur skulu nú greiða viðbótariðgjald serm er ákveðið sem hlutfall af öllum lífeyri sem greiddur er til starfsmanna þeirra. Hlutfall þetta skal ákveðið af bæjarstjórn til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, að fenginni umsögn tryggingafræðings og sjóðstjórnar. Hlutfall var 72% fyrir árið 2025.

Ofangreint ágríp af réttindaákvæðum er ekki tæmandi og er um fyllri upplýsingar vísað til samþykkt Brúar lífeyrissjóðs, til 35. – 37. greinar um viðbótariðgjald og til viðauka 5 um réttindaákvæði réttindasafnsins.

---

## GÖGN

---

Almennt um gagnavinnslu vísast til umfjöllunar um tryggingafræðilega stöðu B-deildar.

Eins og rakið er að ofan er það almenn regla um viðmiðun lífeyrisréttinda í réttindasafninu að miða við laun fyrir fullt starf sem á hverjum tíma fylgir starfi því sem sjóðfélagi gegndi síðast. Í tengslum við sameiningu sjóðsins við B-deild Brúar lífeyrissjóðs var hjá sjóðnum unninn listi á árinu 2017 um viðmiðunarlaun sjóðfélaga sem látið höfðu af störfum fyrir desember árið 2006. Eftir þann tíma breytast þau viðmiðunarlaun með meðalvísitölu dagvinnulauna opinberra starfsmanna sem Hagstofa Íslands reiknar. Fyrir þá sem látið hafa af störfum síðan eru viðmiðunarlaun við starfslok reiknuð eftir iðgjaldagreiðslum og réttindaöflun síðasta eða næst síðasta árs sem þeir greiddu til sjóðsins og síðan færð til ársloka 2025 með fyrrnefndri vísitölu meðallauna.

Fyrir þá sem voru í starfi 2025 var aflað upplýsinga hjá launagreiðendum um viðmiðunarlaun í janúar 2026. Réttindaöflun til framtíðar var reiknuð miðað við þau laun og réttindahlutfall sem sjóðfélaginn ávann sér 2025.

---

## REIKNIFORSENDUR

---

Notaðar eru sömu forsendur um lífs- og örorkulíkur fyrir öll réttindasöfn B-deildar við tryggingafræðilega athugun ársins 2025. Sama gildir um giftingarlíkur og meðalaldur maka og fjölda barna og er vísað til almennrar umfjöllunar hér að framan.

Kostnaði við rekstur B-deildar er skipt milli réttindasafna í hlutfalli við áfallnar skuldbindingar. Um aðferð við mat rekstrarkostnaðar til framtíðar er um nánari umfjöllun vísað til umfjöllunar um reikniforsendur fyrir athugun B-deildar. Mat á rekstrarkostnaði réttindasafnsins er svo skipt milli áfallinna réttinda og framtíðar í hlutfalli við mat á lífeyrisskuldbindingum og verðmæti iðgjalda.

Ofangreindar forsendur og aðferðir við mat skuldbindinga eru ákveðnar í samræmi við og með heimild í ákvæðum reglugerðar 391/1998 um reikniforsendur við tryggingafræðilegar athuganir. Fjármálaráðuneyti gefur út staðlaðar forsendur til nota við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða, að fengnum tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. Heimilt er að víkja frá staðalforsendum ef talið er að aðrar forsendur gefi betri mynd af skuldbindingum sjóðsins og er vikið frá forsendum um lífs- og örorkulíkur sjóðfélaga og sömuleiðis við útreikning á mati rekstrarkostnaðar til framtíðar.

Varðandi mat réttinda sem fylgja launum skal samkvæmt reglugerð 391/1998 almennt miðað við 2% vaxtaforsendu. Þó er í reglugerðinni undanþáguákvæði sem heimilar að miða við 3% vexti: "Þegar um er að ræða lífeyrissjóð sem fellur undir 54. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lífeyrisréttindi miðast við kaupgjald skal þó heimilt að nota 3% vaxtaviðmiðun enda hafi sjóðfélögum verið gefinn kostur á aðild að nýju réttindakerfi fyrir 1. júlí 1998." Virðist þetta ákvæði geta átt við um ESRB en hér eru þó skuldbindingar aðeins reiknaðar miðað

við 2% ávöxtun umfram hækkun launa enda munu aðildarstofnanir hafa fært skuldbindingar með þeim hætti undanfarin ár.

Fyrir réttindi sem fylgja vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, sem á við um þá sem eiga skemmri starfstíma en fimm ár miðað við fullt starf, er miðað við 3,5% vaxtaforsendu.

---

## AÐFERÐIR VIÐ MAT SKULDBINDINGA OG EIGNA

---

Skuldbindingar sjóðsins eru metnar í tvennu lagi. Annars vegar eru metnar áfallnar skuldbindingar, þ.e. þær skuldbindingar sem sjóðurinn hefur þegar tekið á sig vegna áunninna réttinda sjóðfélaga, og hins vegar framtíðarskuldbindingar sjóðsins, sem eru þær skuldbindingar sem falla munu á sjóðinn við það að við bætast skuldbindingar vegna þeirra iðgjalda sem ætlað er að berast muni sjóðnum í framtíðinni vegna þeirra sjóðfélaga sem greiddu iðgjöld til réttindasafnsins á árinu 2025, að frádregnu verðmæti iðgjaldanna.

Við mat skuldbindinga er fyrir lífeyrisþega miðað við greiddan lífeyri 2025 og fyrir aðra sjóðfélaga reiknað hverjar verða muni lífeyrisgreiðslur til þeirra samkvæmt ákvæðum samþykktu sjóðsins miðað við þegar áunnin réttindi. Þegar framtíðarskuldbinding er reiknuð er miðað við allir sem töldust til virkra sjóðfélaga á árinu 2025 verði það áfram þar til starfi lýkur vegna elli- örorku eða andláts. Lífeyrisaldur er reiknaður sem 67 ár fyrir virka sjóðfélaga en 65 ár fyrir þá sem eiga geymd réttindi í aðalsjóð, en 67 ára fyrir sjóðfélaga með minna en fimm ára starfstíma. Ekki er talið raunhæft að gera ráð fyrir að sjóðfélagar sem einungis eiga geymd réttindi hjá sjóðnum fresti töku lífeyris til 67 ára aldurs enda hækkar lífeyrisréttur ekki við það. Skuldbinding vegna 95-ára reglu hefur ekki verið metin sérstaklega.

## NIÐURSTÖÐUR

Staða safnsins er að sýnd að teknu tilliti til ákvæða 35. til 37. gr. samþykktu Brúar lífeyrissjóðs um viðbótariðgjald aðildarstofnana sem hlutfall lífeyrisgreiðslna. Hlutfallið var ákveðið 72% fyrir árið 2025. Miðað við fyrrgreindar aðferðir og forsendur eru niðurstöður sem hér segir ef notuð er 2% vaxtaforsenda (upphæðir í milljónum)

<b>Tafla I Tryggingafræðileg staða B-deildar Brúar lífeyrissjóðs 2025</b>			
Réttindasafn Eftirlaunasjóðs starfsmanna Reykjanesbæjar			
<b>Eignir</b>	<b>Áunnið</b>	<b>Framtíð</b>	<b>Heildar</b>
Bókfærð eign	4.047,2		4.047,2
Endurmat, skuldabréf	-46,5		-46,5
Endurgreiðsla		5.928,5	5.928,5
Núvirði iðgjalda		17,4	17,4
<b>Samtals eignir</b>	<b>4.000,7</b>	<b>5.945,8</b>	<b>9.946,5</b>
<b>Skuldbindingar</b>			
Ellilífeyrir	11.357,6	39,5	11.397,1
Örorkulífeyrir	78,6	0,1	78,7
Makalífeyrir	1.770,1	2,0	1.772,1
Barnalífeyrir	0,0	0,0	0,0
Rekstrarkostnaður	293,3	1,3	294,6
<b>Samtals skuldbindingar</b>	<b>13.499,5</b>	<b>42,9</b>	<b>13.542,4</b>
<b>Eignir umfram skuldbindingar</b>	<b>-9.498,8</b>	<b>5.902,9</b>	<b>-3.595,9</b>
<b>Hlutfall</b>	<b>-70,4%</b>	<b>13760,4%</b>	<b>-26,6%</b>

---

## RÉTTINDASAFN LÍFEYRISSJÓÐS KÓPAVOGSBÆJAR TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN 2025

---

Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar (LK) sameinaðist B-deild Brúar lífeyrissjóðs í upphafi ársins 2018. - Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar, Lífeyrissjóði Neskaupstaðar, Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar og Lífeyrissjóði starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar sameinuðust 1. júlí 2013 í B-deild Brúar lífeyrissjóðs. Árið 2017 sameinaðist Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar deildinni.

Réttindi sjóðfélaga LK eru varðveitt aðgreind í sérstöku réttindasafni B-deildar Brúar lífeyrissjóðs.

---

### RÉTTINDAÁKVÆÐI

---

Fyrir sjóðfélaga sem eiga aðild að réttindasafninu eru ákvæði um rétt til lífeyris og skyldu til greiðslu iðgjalda til sjóðsins efnislega samhljóða ákvæðum samþykktu sem giltu um starfsemi sjóðsins fyrir sameiningu við B-deild Brúar. Sjóðnum var lokað fyrir inngöngu nýrra sjóðfélaga frá og með 1. janúar 1998 og á það við um aðild að réttindasafninu.

Sjóðfélagar sem greiddu iðgjald til LK í júní 1998 vegna starfa hjá Kópavogsbæ eða áunnu sér þá réttindi án iðgjaldgreiðslu eiga rétt til aðildar að B-deild Brúar lífeyrissjóðs meðan þeir gegna áfram störfum hjá bænum. Sama gildir um þá sem greiddu iðgjald til sjóðsins á þessum tíma vegna þess að starf þeirra hafði verið lagt niður, sömuleiðis þeir sem greiddu til sjóðsins í júní 1998 og starfsemi flyst síðar til annars opinbers aðila, enda ábyrgist sá skuldbindingar til greiðslu lífeyris í samræmi við samþykktir sjóðsins.

Iðgjöld til sjóðsins eru 12% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, og greiðir sjóðfélagi 4% og vinnuveitandi 8%. Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár, falla iðgjaldgreiðslur hans niður, en launagreiðandi greiðir eftir það hluta sjóðfélaga.

Lífeyrisréttindi eru ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður fyrir orkutapi sem trúnaðarlæknir sjóðsins metur 10% eða meira, ævilangur makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát, og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku elli- eða örorkulífeyris.

Lífeyrisréttur reiknast sem hundraðshluti af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót sem við starfslok fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf sem sjóðfélagi gegndi síðast. Hefji sjóðfélagi ekki töku lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum og skal þó miða við laun sem fylgdu starfi hans 30. júní 2004 eða þegar látið var af starfi sé það síðar, eftir þann tíma fylgja lífeyrisréttindi meðalbreytingum á föstum launum opinberra starfsmanna, sbr. hér að neðan. Þetta gildir ef sjóðfélagi hefur réttindatíma að minnsta kosti 36 mánuði, annars fylgja lífeyrisréttindi launum er látið var af starfi, en breytast með vísitölunni eftir að taka lífeyris hefst.

Almenn regla er að eftir að taka lífeyris hefst skuli lífeyrir breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sem Hagstofa Íslands reiknar mánaðarlega. Er þó þeim sjóðfélögum sem voru á lífeyri hinn 1998 og þeim sem síðar hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi heimilað að velja að lífeyrisgreiðslur taki sömu breytingum og laun þau sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast. (eftirmannsregla)

Fyrir hvert ár í fullu starfi ávinnast fyrstu 32 starfsár elli- og örorkulífeyrisréttur sem er 2% af viðmiðunarlaunum samkvæmt ofansögðu, þó ekki meira en 87%. Makalífeyrisréttur er 50% af ellilífeyrisrétti, að viðbættum 20% af viðmiðunarlaunum ellilífeyris hafi sjóðfélagi ekki látið af starfi í lífanda lífi af öðrum orsökum en elli eða örorku, þó ekki herra en 63,5%.

Sé sjóðfélagi orðinn 60 ára getur hann látið af störfum ef samanlagður aldur hans og starfsaldur eru 95 ár án skerðingar réttinda. Sjóðfélagi skal þó greiða iðgjöld til þess að 95 ára markinu er náð en réttindi skulu þó að hámarki vera 64% við 95 ára markið.

Sérstök ákvæði gilda að auki um lífeyrisréttindi fyrir vaktavinnu, og greiða sjóðfélagar 4% iðgjald af launum fyrir vaktavinnu og launagreiðandi 8%. Reiknað er hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslum miðað við sérstök viðmiðunarlaun sem sjóðstjórn skal samkvæmt samþykktum ákveða, og ávinnst fyrir hverja 12 mánaða iðgjaldagreiðslu réttur til 2% elli- og örorkulífeyris og 1% makalífeyris af viðmiðunarlaununum. Hjá LK var þetta útfært þannig að réttindaöflun er miðuð við laun sem hver sjóðfélagi greiðir af og réttindi þessi fylgja sömu viðmiðun og réttindi fyrir dagvinnu og er gert ráð fyrir að svo verði áfram eftir sameiningu.

Kópavogsbær ábyrgist greiðslu á lífeyri úr réttindasafninu, en auk iðgjaldagreiðslna skulu laungreiðendur greiða viðbótariðgjald sem ákveðið er sem tiltekið hlutfall lífeyris og er þetta hlutfall nú 71%.

Ofangreint ágríp af ákvæðum samþykpta er ekki tæmandi og er um fyllri upplýsingar vísað til Viðauka 7, til 1. gr. viðaukans um aðild að sjóðnum, 2. - 10. greinar varðandi skilyrði fyrir rétti til töku lífeyris, réttindaákvæði og réttindaöflun, til 1. greinar um iðgjaldagreiðslur og loks 35. – 37. greinar samþykpta Brúar lífeyrissjóðs um ábyrgð á réttindasafninu og endurgreiðslu lífeyris.

---

## GÖGN

---

Um almenna aðferðafræði er vísað til yfirlits í skýrslu um athugun B-deildar.

Viðmiðun lífeyrisréttinda í réttindasafni LK er almennt við föst laun fyrir fullt starf sem sjóðfélagi gegndi síðast.

Fyrir þá sem hættir eru störfum ber að miða við síðustu laun, eða ef sjóðfélagi á að baki meira en 36 mánaða starf, síðustu laun og síðan hækkun með meðalbreytingu launa opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu til þess dags er sjóðfélagi hefur töku lífeyris. Hafi sjóðfélagi sem á að baki 36 mánaða starf eða meira látið af störfum fyrir árslok júní 2003 ber að miða við laun eftirmanns í lok júní 2003, og síðan hækkun með fyrrgreindri launavísitölu.

Fyrir þá sem voru í starfi 2025 var aflað upplýsinga hjá launagreiðendum um viðmiðunarlaun í janúar 2026. Réttindaöflun til framtíðar var reiknuð miðað við þau laun og réttindahlutfall sem sjóðfélaginn ávann sér 2025.

---

## REIKNIFORSENDUR

---

Notaðar eru sömu forsendur um lífs- og örorkulíkur fyrir öll réttindasöfn B-deildar við tryggingafræðilega athugun ársins 2025. Sama gildir um giftingarlíkur og meðalaldur maka og fjölda barna og er vísað til almennrar umfjöllunar hér að framan. Reikniforsendur eru breyttar frá síðustu athugun réttindasafns Lífeyrissjóðs Kópavogsbæjar og hækkar breytingin mat skuldbindinga lítillaga.

Kostnaði við rekstur B-deildar er skipt milli réttindasafna í hlutfalli við áfallnar skuldbindingar. Mat á kostnaði til framtíðar sem draga skal frá eign, eða meta sem skuldbindingar er skipt með sama hætti, það er í hlutfalli við áfallnar skuldbindingar. Um aðferð við mat rekstrarkostnaðar til framtíðar er um nánari umfjöllun vísað til umfjöllunar um reikniforsendur fyrir athugun B-deildar.

Ofangreindar forsendur og aðferðir við mat skuldbindinga eru ákveðnar í samræmi við og með heimild í ákvæðum reglugerðar 391/1998 um reikniforsendur við tryggingafræðilegar athuganir. Fjármálaráðuneyti gefur út staðlaðar forsendur til nota við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða, að fengnum tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. Heimilt er að víkja frá staðalforsendum ef talið er að aðrar forsendur gefi betri mynd af skuldbindingum sjóðsins og er vikið frá forsendum um lífs- og örorkulíkur sjóðfélaga og sömuleiðis við útreikning á mati rekstrarkostnaðar til framtíðar.

Varðandi mat skuldbindinga vegna réttinda sem fylgja launum skal samkvæmt reglugerð 391/1998 almennt miðað við 2% vaxtaforsendu. Þó er í reglugerðinni undanþáguákvæði sem heimilar að miða við 3% vexti : "Þegar um er að ræða lífeyrissjóð sem fellur undir 54. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lífeyrisréttindi miðast við kaupgjald skal þó heimilt að nota 3% vaxtaviðmiðun enda hafi sjóðfélögum verið gefinn kostur á aðild að nýju réttindakerfi fyrir 1. júlí 1998." Virðist þetta ákvæði geta átt við um réttindasöfn B-deildar en hér eru þó skuldbindingar aðeins reiknaðar miðað við 2% ávöxtun umfram hækkun launa enda munu aðildarstofnanir hafa fært skuldbindingar með þeim hætti undanfarin ár.

---

## AÐFERÐIR VIÐ MAT SKULDBINDINGA OG EIGNA

---

Um aðferðir almennt við mat skuldbindinga og endurmat eigna er vísað til umfjöllunar um B-deild sjóðsins. Varðandi makalífeyrisrétt til 20% af viðmiðunarlaunum sjóðfélaga til viðbótar við áunninn rétt, þá er hann fyrir réttindasafn LK talinn með áföllnum skuldbindingum.

Lífeyrisaldur er reiknaður sem 68 ár fyrir virka sjóðfélaga, 65 ár fyrir þá sem eiga geymd réttindi. Ekki er talið raunhæft að gera ráð fyrir að sjóðfélagar sem eiga geymdan lífeyrisrétt fresti töku lífeyris til 68 ára aldurs enda hækkar lífeyrisréttur ekki við það. Skuldbinding vegna 95-ára reglu hefur ekki verið metin sérstaklega, en heimild til hennar hefur áhrif á meðalaldur sjóðfélaga er taka lífeyris hefst. Meðferð á skuldbindingu vegna

makalífeyris og forsendur um eftirlaunaaldur eru óbreyttar frá síðustu tryggingafræðilegri athugun Lífeyrissjóðs Kópavogsbæjar.

## NIÐURSTÖÐUR

Miðað við fyrrgreindar aðferðir og forsendur eru niðurstöður um stöðu réttindasafnsins sem hér segir ef notuð er 2% vaxtaforsenda (upphæðir í milljónum) Staða réttindasafnsins er að þessu sinni sýnd að teknu tilliti til ákvæða 37. gr. samþykktu Brúar lífeyrissjóðs um viðbótariðgjald aðildarstofnana sem hlutfall lífeyrisgreiðslna.

Hlutfall var fyrir 2025 ákveðið 71%. Reynir ekki á bakábyrgð Kópavogsbæjar nema að þessar greiðslur ásamt eignum sjóðsins nægi ekki til að standa við skuldbindingar sjóðsins.

<b>Tafla I Tryggingafræðileg staða B-deildar Brúar lífeyrissjóðs 2025</b>			
Réttindasafn Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar			
<b>Eignir</b>	<b>Áunnið</b>	<b>Framtíð</b>	<b>Heildar</b>
Bókfærð eign	5.694,2		5.694,2
Endurmat, skuldabréf	-65,5		-65,5
Endurgreiðsla		12.965,3	12.965,3
Núvirði iðgjalda		81,8	81,8
<b>Samtals eignir</b>	<b>5.628,7</b>	<b>13.047,1</b>	<b>18.675,8</b>
<b>Skuldbindingar</b>			
Ellilífeyrir	15.660,8	192,6	15.853,4
Örorkulífeyrir	132,9	0,8	133,7
Makalífeyrir	2.265,2	9,4	2.274,5
Barnalífeyrir	0,0	0,0	0,0
Rekstrarkostnaður	396,6	6,3	402,9
<b>Samtals skuldbindingar</b>	<b>18.455,5</b>	<b>209,1</b>	<b>18.664,6</b>
<b>Eignir umfram skuldbindingar</b>	<b>-12.826,7</b>	<b>12.838,0</b>	<b>11,2</b>
<b>Hlutfall</b>	<b>-69,5%</b>	<b>6140,6%</b>	<b>0,1%</b>